


Alþingi
Erindi nr. P 123/847
komudagur 20.1.1999



Elli- og hjúkrunarheimilið Grund

Hringbraut 50
107 Reykjavík

Athugasemdir við frumvarp til laga
“Um sjálfseignastofnanir sem stunda atvinnurekstur”
lagt fram við efnahags og viðskiptanefnd
Alþingis í janúar 1999

Eftirfarandi gögn eru í þessari möppu.

- Bréf framkvæmdarstjóra Grundar með athugasemdum við frumvarp til laga “Um sjálfseignastofnanir sem stunda atvinnurekstur”.
- Athugasemdir lögmanna Grundar og Hrafnistu.
- Þýðing á dönskum lögum “Um sjálfseignastofnanir sem stunda atvinnurekstur”
- Dönsk lög “Um sjálfseignastofnanir sem stunda atvinnurekstur”
- Þýðing á hugtakinu sjóður (sjálfseignastofnun) úrdráttur úr bókinni “lærebog í fondsret”
- Dönsk skilgreining á hugtakinu sjóður (sjálfseignastofnun) úrdráttur úr bókinni “lærebog í fondsret”
- Uppkast að Þjónustusamningi sem gerðir eru samkvæmt lögum um fjárreiður Ríkisins.
- Upplýsingar Hagstofu Íslands um sjálfseignastofnanir og sjóði sem starfa eftir staðfestri skipulagsskrá frá 26 nóv. 1998
- Lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

ELLI- OG HJÚKRUNARHEIMILIÐ

GRUND

STOFNAÐ 1922

Reykjavík, 19. janúar 1999
SÍMI 552 6222

Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll.

Athugasemdir við frumvarp til laga “ Um sjálfseignastofnanir sem stunda atvinnurekstur ”

Fyrst vil ég gera þá athugasemd við frumvarpið, að það er mun víðtækara heldur en sambærileg lög hjá nágranna þjóðum okkar, svo sem Dönum, en þar ná sambærileg lög fyrst og fremst yfir stofnanir sem eiga eitt eða fleiri hlutafélög og voru jafnvel eingöngu stofnuð til undanskota á skatti.

Liknarstofnanir sem hafa alfarið tekjur sínar frá því opinbera, eru undanþegnar lögnum í Danmörku, hér vísa ég í meðfylgjandi álit lögmanna Grundar og Hrafnistu, þeirra Stefáns Geirs Þórissonar hrl., lögmanns Grundar og Jóhannesar Sigurðssonar hrl., lögmanns Hrafnistu.

Einnig vísa ég í meðfylgjandi þýðingar annars vegar á dönskum lögum um sama mál og hinsvegar í úrdrátt úr bókinni “Lærebog í fondsret” sem eru danskar skilgreiningar á hugtakinu “ sjóður (sjálfseignastofnun) ”

Þá vil ég benda á, að líklegt verður að telja að sumar öldrunarstofnanir verði háðar þessum lögum, (ef frumvarpið verður að lögum) einnig að aðrar öldrunarstofnanir verði undanþegnar því, og vísast þá til undanþáguákvæðis 4 gr. lið b. í frumvarpinu og þá tel ég að til séu stofnanir í öldrunarþjónustu sem hvorki þessi lög, (ef frumvarpið verður að lögum) né lög nr. 19, frá 1988 nái yfir, en teljast þó sjálfseignastofnanir.

Þetta er skoðun mín eftir að hafa skoðað skrá yfir sjálfseignastofnanir og sjóði sem skráð voru hjá Hagstofu Íslands 26 nóv. 1998 og fylgjir sú skrá hér með.

Þá vil ég benda nefndinni á að öldrunarstofnanir eru háðar lögum um fjárreiður ríkisins með þeim hætti, að gera skal við þær þjónustusamning, (uppkast að þjónustusamningi fylgir með þessum gögnum) þar sem ríkið ákveður þjónustuna, það ákveður einnig greiðslu fyrir hana, síðan eru stofnanirnar háðar bæði faglegu eftirliti Landlæknisembættisins og fjárhagslegu eftirliti frá ríkisendurskoðun.

ELLI- OG HJÚKRUNARHEIMILIÐ

GRUND

STOFNAÐ 1922

Reykjavík,
SÍMI 552 6222

Það er mjög ákveðin ósk stjórnar Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað til næsta þings, og tíminn notaður til að yfirfara frumvarpið.


Í ræðu ráðherra við framlagningu þess á Alþingi, sagði hann meðal annars “að hliðsjón hefði verið höfð af löggjöf nágrannaríkjanna” ég tel að sú hliðsjón hafi verið harla lítil, þó frumvarpið sé að flestu leyti þýðing á dönskum lögum, þá er ótækt að sjálfseignarstofnanir í öldrunarþjónustu á Íslandi verði háðar allt að þrennum lögum, í því sambandi vil ég nefna að samkvæmt EES samþykktum er ekki heimilt að mismuna stofnunum, og eðlilegt verður að telja að sjálfseignarstofnanir innan sama rekstrarsviðs séu háðar sömu lögum, eins og tíðkast t.d. í Englandi.

Þegar frumvarp um sama efni var lagt fram á danska þinginu var það sérstaklega tekið fram að elli og hjúkrunarheimili væru undanþegin lögunum, eins og kemur fram í áliti lögmanna Grundar og Hrafnistu, (sjá kafla 2 efst á bls. 3) en þeir skoðuðu það frumvarp við undirbúning álitserðar sinnar.

Ef ekki verður talin ástæða til að fresta frekari framgangi frumvarpsins vil ég leggja til að tillit verði tekið til athugasemda lögmanna Grundar og Hrafnistu.

Einnig vil ég undirritaður óska eftir því að fá að mæta á fund hjá efnahags og viðskiptanefnd Alþingis til frekari stuðnings sjónarmiðum okkar.

Virðingarfyllt



Júlíus Ráfnsson
framkvstj. Grundar

Reykjavík, 13. janúar 1999

Stjórn Sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði
Laugarási
150 Reykjavík

Stjórn Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar
Hringbraut 50
101 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Stjórnir Sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði og Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar hafa í tilefni af framlagningu á Alþingi á frumvarpi til laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, óskað eftir því við undirritaða lögmennt að við komum með athugasemdir okkar við frumvarpið, m.a. með hliðsjón af réttarstöðu Sjómannadagsins og Grundar og réttarstöðu sjálfseignarstofnana almennt, m.a. með samanburð við dönsk lög um sama efni. Við höfum sérstaklega tekið til skoðunar hvernig tryggja megi sjálfstæði sjálfseignarstofnana og takmarka ihlutunarvald stjórnvalda um málefni sjálfseignarstofnana.

1. Almennt um frumvarpið

Um frumvarpið má almennt segja að það sé eðlilegt að setja heildstæðar reglur um starfsemi sjálfseignarstofnana hér á landi. Um sjálfseignarstofnanir gilda hér á landi engin heildarlög. Lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá mæla fyrir um eftirlit ríkisendurskoðunar með þeim stofnunum sem undir löggin falla, heimildir til breytinga á tilgangi og fáein önnur atriði. Auk þeirra gilda um sjálfseignarstofnanir almennar ólögfestar reglur sem segja má að taki mið af félagaréttarlegum sjónarmiðum, eðli máls og meginreglum laga. Lagareglur um starfsemi þessara stofnana hafa því hingað til verið heldur fátæklegar og eingöngu tekið á tilteknum atriðum. Með frumvarpinu er eytt óvissu um mörg atriði er snúa að skipulagi og stjórnun sjálfseignarstofnana.

Skýrar lagareglur um stjórnun og skipulag sjálfseignarstofnana auðveldar hagsmunaaðilum að taka ákvörðun um hvort þetta rekstrarform hentar eða ekki fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Þá auðvela skýrar reglur ákvarðanatöku stjórnenda og eftirlitsaðila og minna tilefni gefst til deilna um réttarstöðu. Leiða má að því líkur að þessi tegund af rekstrarformi verði meira notuð í framtíðinni, þar sem menn vita betur að hverju þeir ganga í þessum efnum.

Á hitt ber einnig að líta, að óheppilegt er að gera í einu veffangi gerbreytingu á réttarstöðu þeirra stofnana sem nú eru reknar sem sjálfseignarstofnanir. Þeir sem helgað hafa sér þetta rekstrarform hafa getað gengið út frá því að þeir geti mótað eftir eigin höfði þær reglur sem þeir vilja að gildi um uppbyggingu og starfsemi stofnunar. Þessi sjónarmið eiga sér m.a. stuðning í félagafrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar. Starfsemi í formi sjálfseignarstofnana hefur því verið aðlaðandi vegna þess að með því rekstrarformi hefur verið tryggt ákveðið frelsi og sjálfstæði. Meðal annars vegna þessara einkenna sjálfseignarstofnana og með það að leiðarljósi að viðhalda þessum einkennum er það mat okkar að nauðsynlegt sé að gera nokkrar almennar athugasemdir við frumvarpið.

2. Skilgreining á hugtakinu atvinnustarfsemi - samanburður við dönsk lög

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að lögin taki til allra sjálfseignarstofnana sem hafa með höndum atvinnurekstur. Hugtakið atvinnurekstur er síðan skilgreint í 3. gr. laganna með mjög víðtækum hætti. Skv. 1. mgr. 3. gr. telst stofnun stunda atvinnurekstur ef hún lætur af hendi (leigir eða selur) vörur, önnur verðmæti, þjónustu eða þess háttar. Eins og sést á orðalaginu "lætur af hendi", "önnur verðmæti" og "þess háttar" er skilgreiningin mjög víðtæk.

Ef atvinnustarfsemin er einungis lítill hluti af umsvifum og eigin fé mælir 2. mgr. 3. gr. fyrir um að stofnunin falli ekki undir lögin. Er þess getið að þetta gæti t.d. átt við stofnanir sem afla lítills hluta tekna með takmarkaðri atvinnustarfsemi t.d. sölu á merkjum. Ráðherra fer með endanlegt úrskurðarvald um það hvort stofnun teljist stunda atvinnurekstur. Almennt má ráða af athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins að hugtakið atvinnurekstur er skýrt mjög rúmt. Sá rekstur sem Sjómannadagurinn og Elli- og hjúkrunarheimilið Grund stunda mundi ótvírætt teljast atvinnustarfsemi í skilningi frumvarpsins.

Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á gildissviðssákvæðum dönsku laganna um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (augl. nr. 756/1991). Þar segir m.a. í 5. tl. 4. mgr. 1. gr. laganna í íslenskri þýðingu:

"Lög þessi taka ekki til:

5. *Sjálfseignarstofnana sem þá aðeins geta hlotið viðurkenningu eða fjárframlag frá hinu opinbera að þær séu undir eftirliti og fjárhagseftirliti opinbers aðila skv. annarri löggjöf eða ákvæðum sem sett eru skv. annarri löggjöf."*

Tilgangur þessa lagaákvæðis var að undanskilja sjálfseignarstofnanir, sem fá verulega opinbera styrki og eru undir eftirliti hins opinbera. Í frumvarpi því sem varð að ofangreindum lögum sagði að ákvæðið myndi m.a. leiða til þess að elliheimili féllu ekki undir löggin.

Í frumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi er tekið fram að höfð hafi verið hliðsjón af löggjöf nágrannaríkjanna við samningu frumvarpsins. Ofangreint undantekningarákvæði er hins vegar ekki að finna í hinu íslenska frumvarpi.

Athyglisvert er að starfsemi Sjómannadagsins og Grundar virðist falla undir ofangreint undantekningarákvæði dönsku laganna, og þar með falla utan gildissviðs laganna. Báðar aðilar njóta njóta umtalsverðra styrkja frá hinu opinbera í förmum daggjalda, sem raunverulega halda rekstri þeirra uppi. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997 er ríkisendurskoðun heimilt að krefjast reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu og ber þeim þá skylda til að afhenda Ríkisendurskoðun umbeðin gögn. Þá gilda um sjálfseignarstofnanir áðurgreind ákvæði laga 19/1988 sem mæla fyrir um eftirlit ríkisendurskoðunar. Þótt sjálfseignarstofnanir sem vinna að málefnum aldraðra eða sjúkra mundu ekki falla undir löggin væri eftirlitshættinum fullnægt með áðurgreindum lagaákvæðum, því þær eru einnig undir eftirliti opinbers aðila.

Með hliðsjón af því sem að ofan er rakið, um að í dönsku lögunum sé ekki gert ráð fyrir því að stofnanir sem starfa við öldrunarþjónustu falli undir ákvæði laga um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri, er eðlilegt að undanskilja þær stofnanir sem starfa við öldrunarþjónustu frá ákvæðum íslenskra laga um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri. Því er lagt til að neðangreindu ákvæði verði bætt inni löggin og verði það c. liður. 1. mgr. 4. gr.:

“ Lög þessi taka ekki til sjálfseignarstofnana sem njóta fjárframlaga frá hinu opinbera og eru háðar lagaákvæðum um eftirlit opinbers aðila skv. annarri löggjöf.”

3. Önnur ákvæði - almennar röksemdir fyrir breytingum á frumvarpinu.

Þótt frumvarpið sé að ýmsu leyti ágætt er að okkar mati rétt að gera nokkrar breytingar á því með það að markmiði að viðhalda þeim einkennum sem sjálfseignarstofnanir hafa haft í gegnum tíðina.

Frumvarpið lögfestir ýmis almenn sjónarmið um stofnun, skipulag og stjórnun stofnana og féлага. Þær reglur eru allar nauðsynlegar til að skýra réttarstöðu stofnananna, sérstaklega þegar ekki eru fyrir hendi ákvæði í skipulagsskrám sem taka á viðkomandi atriðum. Eðlilegt er að frumvarpið tilgreini hver réttarstaðan eigi að vera þegar stofnendur sjálfseignarstofnunar hafa ekki tekið á tilteknum atriðum sem reyna kann á.

Sú aðferð sem frumvarpshöfundar nota, til að ná fram því markmiði að tiltekna reglur gildi um þau tilvik sem skipulagsskrár fjalla ekki um, eru hins vegar ekki í samræmi við þá grundvallarhugsun sem liggur að baki sjálfseignarstofnanaforminu. Frumvarpið gerir m.a. ráð fyrir því á ýmsum stöðum að ráðherra geti hlutast til um stjórnun sjálfseignarstofnana. Ákvæði af þessu tagi er einkum að finna í 14., 16. til 19., 21., 24., 31., 34. og 36. gr. frumvarpsins.

Með þessum ákvæðum er verið að setja sjálfseignarstofnanir undir boð- og skipunarvald ráðherra á svipaðan hátt og ríkisstofnanir. Sjálfseignarstofnanir eru almennt settar á fót með þeim hætti að stofnendur setja stofnuninni skipulagsskrá sem mælir fyrir um tilgang, skipulag og stjórnun. Reglan hefur hingað til verið sú að mönnum væri nánast frjálst að ákveða skipulag á sjálfseignarstofnunum að uppfylltum ákveðnum lágmarksskilyrðum (t.d. að slitið sé á eignarhald eigenda á þeim verðmætum sem lögð eru til stofnunarinnar). Ólíklegt er að stofnendur þeirra sjálfseignarstofnana, sem nú eru við lýði, hafi ætlað ráðherra sérstakt hlutverk við stjórnun þeirra. Hugsanlegt er að stofnendur hefðu alls ekki valið þetta rekstarform ef það hefði legið fyrir að stjórnvöld hefðu þennan stjórnunarrétt.

Í þessu samhengi er rétt að geta þess að sú grundvallarhugmynd sem fram kemur í frumvarpinu að kveða á um ríkt boð- og skipunarvald ráðherra virðist vera á skjön við þá stefnu núverandi ríkisstjórnar að einkaframvæmd með lágmarks ríkisafskiptum sé oft á tíðum hentugasti kosturinn þar sem saman fer rekstur og fjárfesting. Þess má m.a. geta að í skýrslu nefndar fjármálaráðherra sem ber heitið "Einkaframkvæmd" er þess sérstaklega getið að dvalarheimili aldraðra séu dæmi um verkefni sem leysa megji með einkaframkvæmd.

Nú er það svo að sjálfseignarstofnanir eru ekki eign tiltekinna aðila. Þær eiga sig í raun sjálfar. Engu að síður hafa ýmsir aðilar hagsmuni af því að slíkar stofnanir vinni í samræmi við þau markmið sem skipulagsskrár kveða á um og eftir atvikum lögum um þá starfsemi. Auk stofnenda hafa meðlimir á fulltrúafundum, fulltrúaráðum eða stjórnun stofnananna hagsmuni af því að þeim sé réttilega stjórnað. Til þess að tryggja nauðsynlegt eftirlit og aðhald með rekstri stofnananna, væri eðlilegra að setja í frumvarpið sérstök ákvæði um heimildir og hlutverk fulltrúafunda, fulltrúafulltrúaráða og fulltrúaráðsmanna svo og stofnenda og stjórnarmanna. Mætti hugsa sér að þessir aðilar hver um sig eða eftir atvikum ákveðinn fjöldi þeirra hefðu rétt til aðgangs að upplýsingum og eftir atvikum málshöfðunarrétt ef þeir telja brotið gegn skipulagsskránni eða lögum. Þegar aðstæður eru þær að hvorki eru fyrir hendi stofnendur eða fulltrúaráðsmenn sem gætu haft eftirlit með stofnun er hins vegar eðlilegt að hafa öryggisventil í lögnum sem mælti fyrir um heimild ráðherra til eftirlits og málssóknar eða annarra aðgerða.

Í þessu samhengi er rétt að geta þess að stjórnendur sjálfseignarstofnana eru settir undir reglur um skaðabóta- og refsiaðbyrgð, bæði skv. VII. og X. kafla frumvarpsins og almennum

reglum skaðbótaréttarins og refsiréttarins. Þessar reglur eiga að skapa fullnægjandi varnað fyrir stjórnendur sjálfseignarstofnana eins og þær gera við stjórnendur félaga almennt.

Þá má benda á að með eftirliti ráðherra og þátttöku hans í stjórnun stofnananna er verið að stofna til óþarfa kostnaðar fyrir ríkissjóð. Stofnanirnar bera sjálfar kostnað af endurskoðun og er því eftirlit og þátttaka ráðherra óþörf.

Þá er sá galli á frumvarpinu að hvergi er minnst á fulltrúafundi í sjálfseignarstofnunum. Í mörgum sjálfseignarstofnunum er stjórnskipulagið með þeim hætti að sérstakir fulltrúafundir taka ákvarðanir t.d. um breytingar á stofnskrá, kjósa stjórn, endurskoðendur ofl. Það er mat okkar að nauðsynlegt sé að hafa ákvæði í frumvarpinu sem heimila slíka stjórnareiningu og hlutverk hennar.

4. Nokkrar tillögur til breytinga á frumvarpinu

Með hliðsjón af því sem af ofan er getið viljum við koma framfæri nokkrum hugmyndum okkar um breytingar á frumvarpinu. Miða þessar hugmyndir sem við setjum fram í ákveðnu tillöguformi að því að ná fram þeim markmiðum sem að ofan greinir. Að auki eru nokkrar aðrar tillögur til breytinga sem rökstuddar eru sérstaklega.

a. Fjárhæð stofnfjár í 10. gr. verði kr. 500.000,-.

Fjárhæð frumvarpsins getur verkað sem hemill á að menn nýti sér þetta rekstarform. Gæti það leitt til þess að fjármunir sem annars mundu lagðir til líknar eða menningarmála mundu ekki ganga til þeirra verkefna. Eðlilegt er að stofnfé sjálfseignarstofnana verði miðað við stofnfé í einkahlutafélögum.

b. 2. mgr. 14. gr. verði svohljóðandi:

"Ef ekki eru settar reglur um það í samþykktir hvernig hagað skuli kosningu eða skipun stjórnar skal fulltrúaráð kjósa stjórn ef slík stjórnareining er fyrir hendi. Í öðrum tilvikum skulu stjórnarmenn velja nýja menn til setu í stjórninni. Við kjör stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða nema um annað sé mælt í samþykktum. Falli atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða. Ef stjórnarmenn tilnefna ekki stjórnarmann í stað þess sem lætur af störfum skal ráðherra tilnefna stjórnarmenn. Ráðherra skal að jafnaði tilnefna menn til stjórnarsetu sem hafa þekkingu eða tengsl við það starfssvið sem stofnunin starfar á."

Rökin fyrir þessari breytingu er á því reist að ráðherra eigi ekki að skipta sér af stjórnun eða rekstri stofnana af þessum toga nema brýna nauðsyn beri til og ekki séu fyrir hendi aðrir kostir. Algengt er að í sjálfseignarstofnun starfi fulltrúaráð sem hefur eftirlit með störfum stjórnar félagsins og kjósi menn til stjórnarsetu. Í þeim tilvikum þar sem einungis eru

stjórnir en ekki fulltrúaráð hefur sú skoðun verið höfð uppi að þeir stjórnarmenn sem eftir sitja eigi að tilnefna nýjan stjórnarmann. Eðlilegt er að fylgja þessum hefðbundnu viðmiðunum áður en kemur til kasta ráðherra.

c. Fella skal niður ákvæði 2. mgr. 16. gr.

Efni þessa ákvæðis er mjög óljóst. Hvenær maður telst óhæfur til starfs, vegna tiltekinnar háttsemi, fer eftir mati þess aðila sem um málið fjallar hverju sinni. Ef menn vilja gera meiri kröfur til stjórnarmanna sjálfseignarstofnana umfram stjórnarmenn í félögum, þyrftu þær viðmiðanir að vera mun ákveðnari. Hugsanlega mætti miða við að aðili hafi ekki gerst brotlegur við tiltekin ákvæði refsilaga eða jafnvel bókhaldslaga. Tillagan byggir hins vegar á því að ekki séu efni til að gera meiri hæfniskröfur en gilda um t.d. stjórnarmenn í samvinnu- eða hlutafélögum.

d. Ákvæði 17. gr. verði svohljóðandi:

"Ef stjórnarmaður uppfyllir ekki skilyrði til setu í stjórn skv. 15. og 16. gr. skulu aðrir stjórnarmenn svo fljótt sem verða má gera ráðstafanir til þess að tilnefndur verði nýr stjórnarmaður til setu þann tíma sem eftir er af tilnefningartíma stjórnar. Sama gildir er stjórnarmaður fullnægir ekki lengur þeim skilyrðum sem krafist er skv. samþykktum.

Hlutist stjórn eða fulltrúafundur ekki til um tilnefningu stjórnarmanna, innan tveggja mánaða frá því að aðili missir hæfisskilyrði eða lætur af störfum af öðrum ástæðum, skal ráðherra skora á stjórn eða fulltrúa að bæta úr þessu innan mánaðar. Verði ekki orðið við þeim tilmælum er ráðherra heimilt að skipa nýjan stjórnemann."

Um rök fyrir efni þessa ákvæðis má vísa til almennra athugasemda svo og umfjöllunar um ákvæði 2. mgr. 14. gr. Þar sem fulltrúar eða stjórnarmenn í stofnunum kunna að vera búsettir úti á landi eða jafnvel erlendis verður að telja tveggja mánaða úrbótafrest hæfilegan. Er þá haft í huga undirbúningur á afgreiðslu erindis, boðunarfrestur fulltrúafundar og framkvæmd á ákvörðun.

e. Efni 18. gr. falli niður.

Eins og ákvæði 17. gr. hefur verið breytt getur hún tekið til þeirra tilvika sem 18. gr. hefur fjallað um. Sérstakt ákvæði er því óþarft

f. Lagt er til að ákvæði 19. gr. verði fellt niður.

Sjálfseignarstofnanir eru oft settar á fót af einum aðila eða skyldum aðilum. Markmið slíkrar stofnunar kann að vera að styrkja eitthvað málefni sem stofnandinn hefur haft sérstakan áhuga á t.d. trjárækt. Stofnandi sjálfseignarstofnunar kann að hafa hug á að aðilar

skyldir honum reki stofnunina og þá einkum í því skyni að tryggja að markmiðum hennar verði fylgt á þann máta sem stofnandinn gerði ráð fyrir. Ekki er ástæða til að óttast misferli þótt skyldir aðilar annist stjórnina enda aðilar settir undir eftirlit endurskoðenda með ráðstafanir í fjármálum og eftir atvikum ráðherra.

- g. Lagt er til að síðasta setning 21. gr. verði felld niður. Við greinina verði bætt svohljóðandi texta:**

"Fulltrúaráð ákveður starfskjör stjórnarmanna. Ef fulltrúaráð er ekki í stofnun ákveður stjórnin sjálf þóknun sína."

Um afskipti ráðherra af stjórnun sjálfseignarstofnana vísast til þess sem áður sagði um þau mál. Viðmiðunarregla ákvæðisins ásamt eftirliti hagsmunaaðila og endurskoðanda er fullnægjandi varnaður gegn því að þóknarir stjórnarmanna verði of háar.

- h. Tillaga er gerð um að 1. mgr. 24. gr. verði svohljóðandi:**

"Stjórn sjálfseignarstofnunar kýs sér formann, ritara og gjaldkera nema annað sé ákveðið í samþykktum. Ritari skal jafnframt vera varaformaður ef ekki er gerð önnur skipan í samþykktum."

Rétt þykir að stjórn sjálfseignarstofnana sé skipuð mönnum sem gegni hefðbundnum trúnaðarstöðum stjórnarmanna. Einkum er þetta brýnt í þeim tilvikum þar sem ekki er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri til þess að annast fjármál og færa bækur félagsins. Föst regla um það hver gegnir hlutverki varaformanns er einnig heppileg einkum þegar formaður lætur af störfum á miðju kjörtímabili af einhverjum ástæðum. Með þessari reglu er lögð frumkvæðisskylda á varaformann til að gera ráðstafanir til þess að unnt sé að tilnefna nýjan stjórnarmann.

- i. Lagt er til að 3. mgr. 25. gr. verði felld niður.**

Ekki verður séð að ráðherra sé betur til þess fallin en stjórnarmenn sjálfseignarstofnana að meta hvort óvenjuleg ráðstöfun sé skynsamleg eða áhættusöm. Hætt er við að ákvörðunartaka ráðherra um mál af þessum toga geti tekið langan tíma því hann verður að setja sig inní rekstur stofnunarinnar til þess að geta metið skynsemi ákvörðunar. Stjórn ráðherra á sjálfseignarstofnunum með þessum hætti mun leiða til þess að þær verði ekki samkeppnisfærar í atvinnurekstri vegna seinagangs í ákvarðanatöku. Um þátt ráðherra í stjórn vísast til þess sem að framan er rakið.

j. Efni 1. mgr. 31. gr. verði svohljóðandi:

"Fulltrúaráðr skal tilnefna einn eða fleiri skoðunarmenn eða endurskoðendur og varamenn þeirra í samræmi við ákvæði samþykkt. Ef ekki er gert ráð fyrir fulltrúaráði í sjálfseignarstofnun skal endurskoðandi endurskoða reikninga stofnunar og tilnefnir stjórn félagsins hann. Ef sjálfseignarstofnun"

Lagt er til að 2. mgr. 31. gr. falli niður.

Þar sem endurskoðendur og skoðunarmenn hafa það hlutverk að fara yfir og hafa eftirlit með gerðum stjórnar og framkvæmdastjóra er ekki eðlilegt að stjórnin tilnefni eftirlitsaðilann nema ekki sé öðrum aðila til að dreifa. Í þeim tilvikum er eðlilegt að cinungis komi til álita að tilnefna endurskoðendur en ekki skoðunarmenn vegna þess að hinir fyrrnefndu eru opinberir sýslunarmenn. Með þessari breytingu er eftirlit með stjórnun betur tryggt en ella.

Ákvæði 2. mgr. er óþarft því sá aðili sem tilnefnir í stöðu er rétt að tilnefna nýjan aðila ef sá fyrri verður vanhæfur. Óþarfi er að veita ráðherra sérstakan rétt til ihlutunar um þessi mál umfram heimild hans til að leggja á dagsektir skv. 43. gr. og rannsóknarheimildina í 46. gr.

k. Gerð er tillaga um að 4. mgr. 35. gr. verði felld niður.

Ekki þykir tilefni til að ráðherra hafi sérstakt eftirlit með ráðstöfunum sjálfseignarstofnana. Eðlilegra er að stjórnendur beri ábyrgð á gerðum sínum með þeirri skaðbóta- og refsiaþbyrgð sem á þeim hvílir. Óþarfa kostnaður fylgir því að ráðherra hafi stöðugt eftirlit af þessum toga með sjálfseignarstofnunum. Eftirlit endurskoðenda og annarra hagsmunaaðila er fullnægjandi. Ráðherra getur beitt sér fyrir úrbótum í einstökum tilvikum með dagsektum skv. 43. gr.

l. Lagt er til að við 36. gr. bætist svohljóðandi ákvæði:

"Ráðherra er heimilt að höfða mál í nafni sjálfseignarstofnunar til heimtu skaðabóta skv. 35. gr., ef stjórnendur stofnunar hafa ekki gert ráðstafanir til að höfða slíkt mál að undangenginni áskorun ráðherra. Málsóknarheimildin gildir einnig um kröfur til ógildingar og eftir atvikum breytinga á ákvörðunum fulltrúafundar og stjórnar."

Rökin fyrir ákvæðinu eru þau að sjálfseignarstofnanir eru ekki í eigu neins aðila og því hafa engir aðilar eigendahagsmuni. Ef stjórn stofnunar eða eftir atvikum fulltrúafundur tekur ákvarðanir í bága við þær reglur sem um stofnunina gilda, er nauðsynlegt að hafa öryggisventil ef þessir aðilar sinna ekki skyldum sínum við að gæta hagsmuna stofnunarinnar.


m. Efni 37. gr. laganna verði svohljóðandi:


"Samþykktum sjálfseignarstofnana verður almennt ekki breytt nema með heimild í samþykktunum. Fulltrúaráð, eða stjórn ef ekki er gert ráð fyrir fulltrúaráði í stofnuninni, er þó heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum ef sýnt er að þær eru ekki framkvæmanlegar eða andstæðar tilgangi stofnunar. Þá ber sömu aðilum skylda til að uppfylla lágmarksskilyrði laganna um efni samþykta.

Undir sama skilorði getur fulltrúaráð og eftir atvikum stjórn ákveðið að"

Um skýringar á þessari breytingu vísast til þess sem áður hefur verið sagt um þátttöku ráðherra í stjórnun sjálfseignarstofnana.

Virðingarfyllst,


Jóhannes Sigurðsson hrl.


Stefán Geir Þórisson hrl.

[Pýðing á dönskum]
**Lög[um] um sjálfseignarstofnanir sem stunda
 atvinnurekstur**

Auglýsing um lög nr. 756 18. nóvember 1991

1. KAFLI

1. gr.

Lög þessi taka til sjálfseignarstofnana, styrktarsjóða, líknarstofnana og annarra sjálfseignarstofnana sem skv. 2. mgr. teljast stunda atvinnurekstur.

Sjálfseignarstofnun telst skv. lögum þessum stunda atvinnurekstur ef hún:

1. selur vörur, hugverksréttindi eða þjónustu eða því um líku sem hún hefur jafnan tekjur af, eða
2. stundar starfsemi sem lýtur að sölu eða leigu á fasteignum eða
3. hefur þau tengsl sem getur í 2. mgr. 2. gr. sbr. 4. og 5. mgr. hlutafjárlaga við hluta- eða einkahlutafélag eða við annað fyrirtæki þeirrar gerðar sem getið er í 1. eða 2. tl., eða
4. fer með meirihluta atkvæða í öðru fyrirtæki skv. samþykkt eða samningi og á verulegan hlut í rekstrarhagnaði án þess að vera tengdur fyrirtækinu með þeim hætti sem lýst er í 3. tl.

Sjálfseignarstofnun telst þó ekki stunda atvinnurekstur ef starfsemi sem sjálfseignarstofnunin stundar eða er tengd skv. 3. tl. 2. mgr. telst takmörkuð eða varðar aðeins lítinn hluta af eigin fé sjálfseignarstofnunarinnar.

Lög þessi taka ekki til:

1. sjálfseignarstofnana sem stofnaðar eru með lögum eða skv. lögum eða með heimild í þjóðréttarsamningi Danmerkur og annars ríkis og háðar eru eftirliti danska ríkisins eða annars ríkis,
2. Seðlabanka Danmerkur, sparisjóða, lífeyrissjóða eða viðurkenndra veðlánastofnana,
3. félagslegra húsnæðisfélaga, viðurkenndra menntastofnana eða tæknilegra þjónustustofnana enda annist sjóðurinn ekki aðra starfsemi en aðalstarfsemi sína,
4. sjálfseignarstofnana sem sveitarfélag eða amtssveitarfélag hefur samið við um að fullnægja lagalegum skyldum sveitarfélagsins eða amtssveitarfélagsins skv. lögum um félagslega aðstoð enda annist sjóðurinn ekki aðra starfsemi,
5. sjálfseignarstofnana sem þá aðeins geta hlotið viðurkenningu eða fjárframlag frá hinu opinbera að þær séu undir eftirliti og fjárhagseftirliti opinbers aðila skv. annarri löggjöf eða ákvæðum sem sett eru skv. annarri löggjöf.

Viðkomandi yfirvöld geta með samþykki iðnaðarráðherra ákveðið að sjálfseignarstofnanir sem með öðrum hætti en skv. lögum þessum eru undir opinberu eftirliti og fjárhagseftirliti skuli vera að hluta eða alveg utan sviðs þessara laga.

Í Erhvervs- og Selskabsstyrelse skal stofna skrá yfir þá sjóði sem skv. 4. og 5. mgr. eru utan sviðs þessara laga. Iðnaðarráðherra getur sett nánari reglur um þetta.

Reglan í 57. gr. a. gildir samsvarandi um sjóði sem eru utan sviðs laganna skv. 4. og 5. mgr. Akvörðun er tekin af viðkomandi eftirlitsyfirvaldi.

2. gr.

Sjóður sem 3. tl. 2. mgr. 1. gr. tekur til telst móðursjóður og það eða þau hluta- eða einkahlutafélag eða önnur fyrirtæki sem sjóður tengist með þeim hætti sem þar greinir teljast dótturfyrirtæki.

Móðursjóður og dótturfyrirtæki hans teljast í sameingingu samstæða.

3. gr.

Erhvervs- og Selskabsstyrelsen sker úr þegar vafi leikur á hvort lög þessi gildi um tiltekna sjálfseignarstofnun

II. KAFLI

Nafn

4. gr.

I nafni sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur skal vera að finna orðið „sjálfseignarstofnun“

Nöfn sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur skulu vera greinilega frábrugðin nöfnum annarra sjálfseignarstofnana og mega ekki vera þannig að þau valdi ruglingi. Inn í nafnið má ekki án heimildar taka ættanafn, firma, sérnafn fasteignar, vörumerki, viðskiptaaudkenni og því um líkt sem ekki er eign sjálfseignarstofnunarinnar eða nokkuð það sem rugla má saman við.

Nafn sjálfseignarstofnunar sem stundar atvinnurekstur, aðsetur (aðalstarfsstöð) ásamt skráningarnúmeri því sem sjálfseignarstofnunin er skráð undir í skrá um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, skal skráð á bréfsefni sjálfseignarstofnunarinnar og önnur viðskiptaskjöl.

Ef sjálfseignarstofnunin stundar einnig starfsemi og notar í því skyni aukanofn skulu þau tilgreind í ákvæðinu þar sem nafn sjálfseignarstofnunarinnar er skráð. 1. og 2. mgr. gilda samsvarandi um notkun á aukaheitum sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur. Ef aukanafnið er notað skal aðalnafni sjálfseignarstofnunarinnar bætt aftan við aukanafnið innan sviga.

III. KAFLI

Skráning stofnunarinnar Samþykktir

5. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunar sem stundar atvinnurekstur skal tilkynna sjálfseignarstofnunina til skráningar hjá Erhvervs- og Selskabsstyrelsen (í skrá um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur).

Erhvervs- og Selskabsstyrelsen getur farið fram á þær upplýsingar sem þarf til að meta hvort skilyrðum fyrir skráningu hafi verið fullnægt.

6. gr.

Sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur og er ekki skráð hjá Erhvervs- og Selskabsstyrelsen getur hvorki öðlast réttindi né tekist á hendur skuldbindingar. Hún getur heldur ekki verið aðili að dómsmálum nema mál sé höfðað um stofnunina.

Abyrgð vegna skuldbindinga sem tekist er á hendur fyrir hönd sjálfseignarstofnunarinnar fyrir skráningu hennar bera þeir óskipta sem tekist hafa á hendur skuldbindinguna eða bera meðábyrgð á henni. Við skráningu færast skuldbindingarnar þó yfir á sjálfseignarstofnunina.

Akvæðin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um sjálfseignarstofnanir sem áður hafa stundað starfsemi skv. lögum um sjálfseignarstofnanir og tiltekin félög.

7. gr.

Um sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur skal setja samþykktir. Í þeim skal greina eftirtalin atriði:

1. heiti sjálfseignarstofnunarinnar,
2. stofnanda (stofnendur) sjálfseignarstofnunarinnar.
3. sveitarfélagið í landinu þar sem heimili (aðalstarfsstöð) sjálfseignarstofnunarinnar er,
4. tilgang sjálfseignarstofnunarinnar,
5. stofnfé og hvernig það er greitt (staðgreitt eða í öðrum verðmætum),
6. hvort sjálfseignarstofnunin skuli taka við öðrum fjármunum en reiðufé í tengslum við stofnunina,
7. hvort stofnendur eða aðrir skuli hugsanlega njóta sérstakra réttinda eða kosta,
8. fjölda stjórnarmanna og hvernig þeir skuli valdir,
9. framlagningu ársreiknings og hvert reikningsárið skuli vera,
10. hvernig ráðstafa skuli hagnaði

Skjöl, sem vísað er til í samþykktum en ekki eru tekin upp í þær, skulu fylgja þeim.

Ef stjórnin ákveður almennar leiðbeiningar um þau atriði sem greindir í 4. og 10 tl. 1 mgr. skulu þær sendar Erhvervs- og Selskabsstyrelsen.

8. gr.

Akvæði í samþykktum sem veita mönnum úr tiltekinni fjölskyldu eða tilteknum fjölskyldum forréttindi til úthlutunar úr sjálfseignarstofnun hafa ekki réttaráhrif samkvæmt inntaki í þeim mæli sem forréttindin ná lengra en til einstaklinga sem eru á lífi þegar sjálfseignarstofnunin er stofnuð og til kynslóðar sem miðað við þá er ekki fædd ennþá.

Akvæði 1. mgr. gildir samsvarandi um ákvæði í samþykktum sem veitir mönnum úr tiltekinni fjölskyldu eða tilteknum fjölskyldum forréttindi til þess að öðlast tiltekna stöðu eða til þess með öðrum hætti, þar á meðal í formi vinnuþóknunar, að þiggja fjárhagslegt framlag úr sjálfseignarstofnuninni eða úr fyrirtæki sem sjálfseignarstofnunin hefur yfirráð yfir. Þetta á þó ekki við um störf stjórnarmanna.

IV. KAFLI

Stofnfé

9. gr.

Sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur skal að lágmarki hafa stofnfé að fjárhæð DKK 300.000. Ekki er heimilt að skrá sjálfseignarstofnunina fyrir en stofnfé skv. samþykktum er að fullu greitt.

Ef stofnfé sjálfseignarstofnunar er greitt að fullu eða að hluta með öðrum fjármunum en reiðufé (apportindskud) eða sjálfseignarstofnun skal í tengslum við stofnun hennar taka við slíkum verðmætum skal við skráninguna fylgja greinargerð um þær aðstæður sem skipta máli við mat á framlaginu eða yfirtökunni. Í greinargerðinni skal vera lýsing á einstökum framlögðum eða yfirteknum eignum og skal tilgreina nafn og heimili þeirra einstaklinga sem samningur um framlag eða yfirtöku tekur til. Í tengslum við þetta skal löggiltur endurskoðandi eða skráður endurskoðandi gefa út yfirlýsingu um það á hvaða verði erigi að taka framlagðar eða yfirteknar eignir inn í efnahaginn og einnig hvemig verðmætið hefur verið metið.

Framlag sem greitt er með öðru en reiðufé skal vera hægt að meta að verðleikum og framlag getur ekki verið fólgið í loforði um vinnuframlag eða veitingu þjónustu.

Vegna hlutabréfa og skuldabréfa sem eru skráð á Københavns Fondsboers er unnt að leggja síðast skráða kaupgengið til grundvallar. Vegna annarra hlutabréfa, vegna annarra skuldabréfa vegna hluta í einkahlutafélaga, svo og fyrir hluta í dótturfyrirtækjum er heimilt að leggja til grundvallar skattagengið.

Ef yfirlýsing hefur ekki verið gefin á seinustu fjórum mánuðum fyrir skráningu skv. 2. mgr. 53. gr. skal sá endurskoðandi sem gaf yfirlýsingu skila viðbótaryfirlýsingu um verðmæti, ef verðmæti framlagsins hefur breyst verulega í millitíðinni.

10. gr.

Stofnfé sjálfseignarstofnunar sem stundar atvinnurekstur má hækka með ákvörðun stjórnarinnar:

1. með yfirtöku varasjóða eða hagnaðar skv. síðasta endurskoðaða ársreikningi.
2. með arfi, gjöf eða viðlíka framlagi sem sjálfseignarstofnuninni hefur borist til hækkunar á stofnfé.

Stjórnin gerir þær breytingar á samþykktum sem nauðsynlegar eru í kjölfar hækkunar samkvæmt 1. mgr.

Við stofnfjárhækkun sem verður á grundvelli arfs, gjafar eða viðlíka framlags í öðrum verðmætum en reiðufé gilda reglurnar í 2.-5. mgr. 9. gr. en endurskoðandi sjálfseignarstofnunarinnar skilar þó yfirlýsingu samkvæmt síðasta staflíð 2. mgr.

Við stofnfjárhækkun sem verður í formi yfirtöku varasjóða eða hagnaðar skal endurskoðandi sjálfseignarstofnunarinnar skila yfirlýsingu þess efnis að fjárhagsstaða sjálfseignarstofnunarinnar hafi ekki versnað þannig að þeir varasjóðir eða sá hagnaður sem færast yfir séu ekki lengur fyrir hendi.

Tilkynna skal stofnfjárhækkun skv. 1. mgr. til Erhvervs- og Selskabsstyrelsen innan mánaðar eftir að ákvörðun um yfirtöku varasjóða eða hagnaðar, eða eftir innborgun hækkunarinnar.

11. gr.

Til lækkunar stofnfjár þarf samþykki viðkomandi yfirvalda. Iðnaðarráðherra getur ákveðið reglur um tilkynningu samþykkis, þar á meðal tilkynningu til skuldunauta og um skil á tilkynningu til Erhvervs- og Selskabsstyrelsen.

I samþykktum geta verið ákvæði þess efnis að lækka skuli stofnfé yfir nánar tiltekið tímabil um fasta fjárhæð eða um fasta hluti í því augnamiði að úthluta skv. tilganginum. Stjórnin gerir nauðsynlegar breytingar í kjölfar lækkunar og tilkynnir Erhvervs- og Selskabsstyrelsen um þær í síðasta lagi eftir ákvörðunina. Úthlutun skv. 1. stafl. og lækkun stofnfjár er þá aðeins hægt að framkvæma að endurskoðandi sjálfseignarstofnunarinnar lýsi því yfir að stofnunin hafi örugglega að úthlutun lokinni nægilega fjármuni til þess að standa við skuldbindingar sínar.

Stofnféð má ekki lækka í fjárhæð sem er minni en sú minnsta fjárhæð sem ákveðin er í 1. stafl. 1. mgr. 9. gr.

V. KAFLI

Stjórn

12. gr.

Stjórnun sjálfseignarstofnunar sem stundar atvinnurekstur er í höndum stjórnar en í henni eru auk þeirra stjórnarmanna sem kjósa á skv. 1. stafl. 1. mgr. 22. gr. minnst þrír menn. Skrá yfir stjórnarmenn skal send Erhvervs- og Selskabsstyrelsen í tengslum við skráninguna.

Stjórnin getur ráðið einn eða fleiri framkvæmdastjóra.

Meirihluta stjórnarmanna er ekki heimilt að vera ráðnir framkvæmdastjórar í sjálfseignarstofnunarinnar. Ekki er heimilt án samþykkis viðkomandi yfirvalda að kjósa framkvæmdastjóra til að vera formann.

13. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu hafa sjálfræði. Framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér í landi, nema viðkomandi yfirvöld veiti undanþágu frá þessu ákvæði eða ákvæðið sé í bága við alþjóðlegar skuldbindingar.

14. gr.

Stjórnarmaður getur hvenær sem er gengið úr stjórn.

Stjórnarmanni er skylt að ganga úr stjórn ef viðkomandi er gjaldþróta.

Stjórnarmaður sem gerir sig sekan um athæfi er gerir viðkomandi óverðugan til að vera áfram í stjórninni skal ganga úr stjórn.

Stjórnarmaður sem vegna langvarandi veikinda eða annars konar veikleika er talinn ófær um að gegna starfi stjórnarmanns eða augljóslega óhæfur skal ganga úr stjórn.

15. gr.

Viðkomandi yfirvald getur leyst stjórnarmann eða framkvæmdastjóra frá störfum sem fullnægir ekki skilyrðum í 13. gr. Viðkomandi yfirvald getur enn fremur leyst frá störfum stjórnarmann sem ekki fullnægir kröfunum í stofnunarskjali eða samþykktum sjálfseignarstofnunarinnar eða sem skylt er skv. reglunum í 2.-4. mgr. 14. gr. að ganga úr stjórn.

16. gr.

Þegar stjórnarmaður gengur úr stjórn skal skipa nýjan stjórnarmann skv. samþykktum.

Ef stjórnarmaður er ekki skipaður skv. samþykktum skal viðkomandi yfirvald skipa hann.

17. gr.

Stofnandi, maki hans eða einstaklingar sem eru skyldir eða mægðir nefndum einstaklingum í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar geta ekki haft meirihluta í stjórn án samþykkis viðkomandi yfirvalds.

Ef sjálfseignarstofnun er stofnuð af félagi getur einstaklingur sem er beinn eða óbeinn eigandi að meirihluta atkvæðabærs fjármagns í félaginu ekki án samþykkis viðkomandi yfirvalds haft meirihluta í stjórn ásamt þeim einstaklingum sem eru tengdir viðkomandi með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr., og jafnframt geta síðastnefndu einstaklingarnir ekki heldur án samþykkis viðkomandi yfirvalda haft meirihluta í stjórn.

18. gr.

Akvæði laganna um stjórnarmenn gilda jafnframt um varamenn þeirra.

19. gr.

Þóknun til stjórnarmanna má ekki vera meiri en venjulegt er miðað við eðli og umfang starfsins.

Iðnaðarráðherra getur ákveðið fjárhæð þóknunar til stjórnarmanna. Þóknun sem ekki er ákveðin í samræmi við þessar reglur skal samþykkt af viðkomandi yfirvaldi.

Viðkomandi yfirvald getur lækkað þóknun sem þykir of mikil.

20. gr.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í umfjöllun um málefni sem varða samninga milli sjálfseignarstofnunarinnar og viðkomandi sjálfs eð málshöfðun gegn viðkomandi sjálfum eða um samninga milli sjálfseignarstofnunarinnar eða málshöfðun gegn þriðja aðila ef viðkomandi á þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni sjálfseignarstofnunarinnar.

21. gr.

Formaðurinn skal gæta þess að stjórnin haldi fund eftir þörfum og ennfremur gæta þess að allir stjórnarmenn séu boðaðir.

Stjórnin er ákvörðunarbær þegar helmingur stjórnarmanna eða aukinn fjöldi sem mælt er fyrir um í samþykktunum er viðstaddur. Ef ekki er mælt fyrir um annað í samþykktunum ræður einfaldur meirihluti ákvörðunum stjórnar og atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði eru jöfn.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar er aðeins með samþykki viðkomandi yfirvalds heimilt að ráðast í eða stuðla að óvnejugum ráðstöfunum sem kunna að leiða af sér þá hættu að fyrirmælum samþykktanna verði ekki fylgt.

Um það sem fram fer á fundum stjórnar skal rita gerðabók og skulu allir viðstaddir stjórnarmenn undirrita hana. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri sem er ekki samþykktur ákvörðun stjórnar á rétt á að fá sérálit sitt bókað.

22. gr.

Þær reglur sem getur í lögum um hlutafélög og ákveðnar eru skv. sömu lögum um val starfsmanna á stjórnarmönnum gilda einnig um sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur og dótturfyrirtæki hennar. Þeir stjórnarmenn sem valdir eru af starfsmönnum taka aðeins þátt í umfjöllun um málefni sem ekki varða atvinnureksturinn ef slíkt er ákveðið í samþykktunum. Í þeim mæli sem velja þarf nýja stjórnarmenn taka þeir stjórnarmenn sem valdir eru af starfsmönnum ekki þátt í kjörinu nema annað sé ákveðið í samþykktunum.

Þegar stjórnarmenn sem starfsmenn hafa valið skv. 2. eða 3. staflað 1. mgr. taka ekki þátt í störfum stjórnar reiknast viðkomandi stjórnarmenn ekki með þegar þess er krafist við ákvörðun að tiltekinn fjöldi félagsmanna eða stjórnarmanna sé mættur.

Akvæðin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um móðursjálfseignarstofnanir, sbr. 2. gr. þegar atvinnustarfsemi þeirra felst eingöngu í rekstri fjölmiðla og skyldri starfsemi.

23. gr.

Í móðursjálfsseignarstofnun skulu einstakir menn í stjórn og framkvæmdastjórn sjálfsseignarstofnunarinnar við inngöngu sína í stjórn eða framkvæmdastjórn upplýsa stjórnina um hlutafjäreign sína í dótturfyrirtækjum svo og upplýsa um slíka hluta sem þeir hafa síðar eignast eða afhent. Þessar upplýsingar skulu færðar í sérstaka gerðabók. Stjórn sjálfsseignarstofnunar getur kosið að færa sameiginlega gerðabók um öll fyrirtækin í sörnusamstæðu.

Stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum í móðursjálfsseignarstofnunum er ekki heimilt að ráðast í eða taka þátt í spákaupmennsku varðandi hlutafjäreign í dótturfyrirtækjum.

24. gr.

Stjórn móðurstofnunar er skylt að tilkynna dótturfyrirtæki um leið og samstæðuháttum hefur verið komið á. Dótturfyrirtæki er skylt að veita móðurstofnuninni upplýsingar sem nauðsynlegar eru við matið á stöðu samstæðunnar og niðurstöðu starfsemi fyrirtækisins.

Móðurstofnun skal reglulega tilkynna dótturfyrirtækjum um atriði sem áhugaverð kunna að vera vegna atvinnurekstrar samstæðunnar í heild. Ennfremur skal tilkynna dótturfyrirtæki um fyrirhugaðar ákvarðanir sem skipta dótturfyrirtækið verulegu máli.

25. gr.

Stjórnin fer með málefni hennar og skal annast um skipulag starfsemi sjálfsseignarstofnunar sem stundar atvinnurekstur. Ef framkvæmdastjórn er fyrir hendi fer hún ásamt stjórninni með stjórn stofnunarinnar.

Framkvæmdastjórn annast daglega stjórnun stofnunarinnar og skal í þeim eignum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin gefur.

Stjórnin skal annast um að viðunandi eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna stofnunarinnar miðað við aðstæður stofnunarinnar. Ef ráðin er framkvæmdastjórn skal hún sjá um að bókhald sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna stofnunarinnar sé með tryggilegum hætti.

Einungis stjórn sjálfsseignarstofnunar getur veitt prókúruumboð.

26. gr.

Stjórnarmaður, framkvæmastjóri, viðkomandi yfirvald eða Erhvervs- og Selskabsstyrelsen getur krafist þess að stjórnin sé boðuð á fund.

27. gr.

Sjálfsseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur er bundin af löggæringum sem stjórnin í heild eða einstakir stjórnarmenn eða framkvæmdstjórnar gera fyrir hönd hennar.

Ritunarréttinn sem skv. 1. mgr. tilheyrir einstökum stjórnarmönnum og framkvæmdastjórnarmönnum má takmarka í samþykktum á þann hátt að fleiri en einn fari með hann í sameiningu eða að einn eða fleiri tilteknir félagsmenn hver um sig eða í sameiningu fari með hann. Aðra takmörkun á ritunarrétti er ekki unnt að skrá.

VI. KAFLI

Arsreikningurogendskoðun

Arsreikningur o.fl.

28. gr.

Stjórn og framkvæmdastjórn skal fyrir hvert reikningsár í samræmi við reglur í lögum og samþykktum ársreikning sem samanstendur af rekstrarreikningi, eigarreikningi og athugasemdum. Í móðursjálfsseignarstofnunum er ennfremur saminn samstæðureikningur sem samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og athugasemdum. Ennfremur skal semja ársskýrslu. Nefndir hlutar mynda heild.

Akvæðin í 2.-4. mgr. 1. gr., 3. mgr. 2. gr., 2a.-5 gr., 8. gr. III.-VIIIa. kaflar ásamt 63. gr. laga um ársreikninga tiltekinna félaga o.fl. (lögin um ársreikninga) gilda einnig um sjálfsseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur með þeim frávikum og aðlögun sem leiða af sérstökum aðstæðum sjálfsseignarstofnana.

Stundi sjálfseignarstofnun atvinnurekstur sem eftir einkennum sínum eða tilgangi er verulega frábrugðinn aðalatvinnurekstri hennar

1. skal í þeim mæli sem slíkt er nauðsynlegt til að fullnægja 2. mgr. 4. gr. laga um ársreikninga halda tekjum og útgjöldum, eignum og skuldum varðandi slíkan rekstur aðskildum í ársreikningnum og samstæðureikningnum undir sérstökum aðalfærslum með viðeigandi heitum og með skýringu í athugasemdunum á sérstöku eðli færslanna.
2. er heimilt að meta fastafjármunir í tengslum við slíka starfsemi öðruvísi en mælt er fyrir um í 26.-29. gr. laga um ársreikninga. Sérstakt eðli þessara færslna skal útskýrt í athugasemdum. Frávik þetta skal rökstutt með viðeigandi hætti í athugasemdum og þar skal getið áhrifa frávikanna á eignir og skuldir stofnunarinnar, fjárhagslega stöðu og rekstur.

Móðurstofnanir sem 1.-2. tl. 2. mgr. 1. gr. gilda ekki um og sem, að frátöldum skiptanlegum skuldabréfum, eiga ekki útistandandi kröfur hjá dótturfyrirtækjum eða hafa veitt þeim ábyrgð geta, þegar aðstæður mæla með því, samið samstæðureikninga dótturfyrirtækja. Í því tilviki skal í ársskýrslunni upplýst um þessa aðferð og upplýst um hagnað ársins og eigið fé sem gert skal upp skv. reglunum í 8. kafla laga um ársreikninga. Láta má hjá líða að geta hagnaðar ársins og eigin fjár ef hlutafjäreignir eru metnar í ársreikningi móðurstofnunarinnar skv. 40. gr. laga um ársreikninga.

Ef sjálfseignarstofnun með ákvæði í samþykktum eða samningi er tengd atvinnufyrirtæki eða annarri sjálfseignarstofnun skal gerð grein fyrir því í ársreikningi stofnunarinnar eða í ársskýrslunni.

Iðnaðarráðherra getur mælt fyrir um notkun sérstakra eyðublaða þegar sjálfseignarstofnanir setja upp ársreikning eða samstæðureikning. Iðnaðarráðherra getur ennfremur sett reglur um hvernig undanþágur skv. 3. mgr. skulu tilgreindar í ársreikningi og samstæðureikningi.

Endurskoðun

29. gr.

Ársreikningur og samstæðureikningur sjálfseignarstofnunar sem stundar atvinnurekstur skal endurskoðaður af einum eða fleiri endurskoðendum sem stjórnin hefur valið eða valdir eru skv. samþykktunum.

Ef enginn endurskoðandi er í sjálfseignarstofnuninni velur viðkomandi yfirvald endurskoðanda.

Endurskoðandi skal hafa sjálffræði. Endurskoðandi skal vera búsettur hér í landi nema viðkomandi yfirvald veiti undanþágu frá þessu ákvæði eða ákvæðið sé í bága við alþjóðlegar skuldbindingar eða við ákvæði sem iðnaðarráðherra hefur sett.

Ákvæði laga um endurskoðendur gilda einnig um varaendurskoðendur.

30. gr.

(Fellð brott).

31. gr.

(Fellð brott).

32. gr.

Sá sem hefur valið endurskoðandann eða viðkomandi yfirvald getur leyst endurskoðanda frá störfum.

33. gr.

(Fellð brott).

34. gr.

Í tengslum við gagngera skoðun á bókhaldsgögnum stofnunarinnar og aðstæðum hennar að öðru leyti skal endurskoðandi fullnægja þeim kröfum sem Erhvervs- og Seisþabsstyrelsen eða viðkomandi yfirvald gera.

Endurskoðandi getur að öðru leyti í áritun sinni getið þess sem að mati hans er rétt að láta Erhvervs- og Seisþabsstyrelsen eða viðkomandi yfirvald fá vitneskju um.

35. gr.
(Fellid brott).

36. gr.
(Fellid brott).

37. gr.
Erhvervs- og Selskabsstyrelsen getur falið endurskoðanda að veita upplýsingar um aðstæður sjálfseignarstofnunarinnar.

38. gr.
(Fellid brott).

39. gr.
Varðandi sjálfseignarstofnanir sem eru háðar endurskoðun ríkis eða sveitarfélags gilda ekki reglurnar um endurskoðun í 6. kafla og lögum um ársreikninga.

VII. KAFLI Úthlutun og ráðstöfun ágóða

40. gr.
Stjórn stofnunarinnar úthlutar fé í samræmi við 41. gr. til þeirra málefna sem samþykktirnar kveða á um. Heimilt er stjórninni að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu stofnunarinnar.

41. gr.
Einungis er heimilt að úthluta af fjármunum stofnunarinnar sem hér segir:

1. hagnaði, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og öðrum varasjóðum sem ekki eru bundnir eftir að dregið hefur verið frá tap, sem hefur ekki verið jafnað, og fé sem skylt er að leggja til hliðar.
2. til lækkunar stofnfjár skv. 13. gr.

42. gr.
Kapitel 11. Straffebestemmelser m.v.

§ 63. Er strengere straf ikke forskyldt efter anden lovgivning, straffes overtrædelser af lovens forskrifter om indsendelse af anmeldelser og årsregnskaber m.v. til Erhvervs- og Selskabsstyrelsen med bøde. På samme måde straffes bestyrelsesmedlemmer, direktører, revisorer og granskingsmænd eller suppleanter for disse, dersom de ubeføjet røber, hvad de under udøvelsen af deres hverv har fået kundskab om.

Stk. 2. Med bøde straffes forættelig eller groft uagtsom overtrædelse af:

- 1) § 23, § 25, stk. 3, § 51 eller § 67, stk. 1,
- 2) de i § 28, stk. 2, nævnte bestemmelser i lov om visse selskabers aflæggelse af

årsregnskab m.v., i det omfang en sådan overtrædelse kan straffes efter nævnte lovs § 65.

Stk. 3. Med bøde straffes grov eller gentagen overtrædelse af § 19, stk. 1, § 21, stk. 3, og § 43.

Stk. 4. I forskrifter, der udsærliges i henhold til loven, kan der fastsættes straf af bøde for overtrædelse af bestemmelser i forskrifterne.

§ 64. Undlader en fonds bestyrelse, direktion eller revisor i rette tid at efterkomme de pligter, der påhviler dem i forhold til Erhvervs- og Selskabsstyrelsen eller fondemyndigheden, eller som påhviler dem ifølge regler, der udstedes i medfør af loven, kan Erhvervs- og Selskabsstyrelsen eller fondemyndigheden som tvangsmiddel pålægge de pågældende daglige eller ugentlige bøder.

Kapitel 12. Ikrafttrædelsesbestemmelser m.v.

§ 65. Loven træder i kraft den 1. januar 1985. § 48, jfr. § 57, finder anvendelse fra dagen efter lovens bekendtgørelse i Lovtidende.

Stk. 2. Samtidig ophæves § 1, stk. 5, i lov nr. 370 af 13. juni 1973 om aktieselskaber, som senest ændret ved lov nr. 282 af 9. juni 1982. Endvidere udgår »og 5,« i § 1, stk. 4, i lov nr. 371 af 13. juni 1973 om anpartsselskaber, som senest ændret ved lov nr. 283 af 9. juni 1982.

Stk. 3. Loven gælder ikke for Færøerne og Grønland, men kan ved kgl. anordning sættes i kraft for disse landsdele med de afvigelser, landsdelenes særlige forhold tilliger.

§ 66. Tidspunktet for ikrafttrædelsen af § 28, stk. 2, for fonde, der var oprettet inden

den 29. januar 1981, og som har til hovedformål at udøve rederivirksomhed eller har den i § 1, stk. 2, nr. 3, nævnte forbindelse med et aktie- eller anpartsselskab eller anden virksomhed, der har sådant hovedformål, hestemmes af industriministeren. Disse fonde skal i stedet udarbejde årsregnskab og eventuelt koncernregnskab efter reglerne i aktieselskabslovens kapitel 12, bortset fra § 108, med de fravigelser og tilpasninger, der følger af fondes særlige forhold. Bestemmelserne i § 28, stk. 3 og 4, anvendes med de fornødne tilpasninger.

§ 67. Inden seks måneder efter lovens ikrafttræden skal bestående erhvervsdrivende fonde anmeldes til Erhvervs- og Selskabsstyrelsen.

Stk. 2. Inden et år efter lovens ikrafttræden skal bestående erhvervsdrivende fonde opfylde bestemmelserne i denne lov, medmindre industriministeren efter forhandling med justitsministeren helt eller delvis undtager fra dette krav. Dette gælder dog ikke § 4, stk. 1 og 2, § 6, § 8 og § 17. For fonde oprettet før lovens ikrafttræden gælder § 12, stk. 1, 2. pkt., først, når der skal udpeges et medlem af bestyrelsen.

Stk. 3. Inden tre år efter lovens ikrafttræden skal bestående fonde tilvejebringe en grundkapital på mindst 300.000 kr. Dette gælder dog ikke, hvis Erhvervs- og Selskabsstyrelsen på grundlag af en erklæring derom fra bestyrelsen finder, at det under hensyn til fondens forhold må anses for udelukket at tilvejebringe en grundkapital af den nævnte størrelse. Bestyrelsens erklæring skal være ledsaget af en udtalelse fra revisor.

Stk. 4. Bestemmelsen i stk. 3, 1. pkt., gælder ikke for fonde, der omfattes af § 11, stk. 2.

§ 68. Bestemmelserne i lov nr. 23 af 1. marts 1889 om handelsregistre, firma og prokura om anmeldelse til handelsregistrene af selskaber med begrænset ansvar finder ikke anvendelse på erhvervsdrivende fonde, der har hjemsted her i landet.

Stk. 2. Blicher en fond, der er optaget i handelsregisteret eller i foreningsregisteret, optaget i registeret for erhvervsdrivende fonde, og bekendtgøres dette i Statsstidende, slettes fonden af handelsregisteret eller foreningsregisteret. Dokumenter vedrørende en sådan fond overføres til Erhvervs- og Selskabsstyrelsen.

[Þýðing á útdrætti úr bókinni „Lærebog i fondsret“ eftir Lennart Lynge Andersen, útg. af GadJura, Kaupmannahöfn, 1995]

I. KAFLI

Inngangur. Hugtakið sjóður (sjálfseignarstofnun)

1. Inngangur

Stofnun sjálfseignarstofnunar á sér stað með því að sjóður er lagður undir sjálfstæða stjórn í því skyni að fullnægja nánar tilteknum markmiðum sem stofnandi (stofnendur) hefur ákveðið. Sjóður er sjálfseignarstofnun - sjóðurinn einn á eignarréttinn að eignunum. Stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar gengur ekki í arf og ef sjálfseignarstofnun er leyst upp fer ekki fram úthlutun til hóps eigenda / erfingja stofnanda eða þ.u.l. Hreint stofnfé verður við upplausn stofnunarinnar aðeins greitt út í þágu þeirra málefna sem greinir í samþykktum.

Slíkar sjálfseignarstofnanir og stofnanir sem svipar til þeirra hafa verið til í Danmörku um margra alda skeið, en eiginleg löggjöf um þær var fyrst samþykkt á níunda áratug þessarar aldar. Astæðan var fremur pólitískur þrýstingur en pólitískur vilji. Á undanförmum 30-40 árum hafa mjög óraunhæfar hugmyndir verið tengdar starfsemi sjálfseignarstofnana. Flestir hafa sennilega ímyndað sér að sjálfseignarstofnun annist eins konar starfsemi sem horfi til almannaheilla - og veiti einkum og sér í lagi aðeins fé til málefna sem að dómi almennings teljast viðunandi - en einstaka menn hafa í atvinnurekstri sjálfseignarstofnana greint hættu á því að atvinnulífið færðist á einhliða óvirkar hendur sjálfseignarstofnana. Viðhorf „meirihlutans“ sjást í því að mjög hagstæðar skattareglur gilda um sjálfseignarstofnanir - svo hagstæðar að tilgangurinn er í raun sá að sjálfseignarstofnun greiði ekki skatt. Varla eru önnur dæmi þess.

Þótt mörgum sjálfseignarstofnunum hafi tekist - þrátt fyrir opnari umræðu síðan 1985 - að láta lítið á sér bera er ástæða til að ætla að bæði viðhorfin sem nefnd voru eru byggð á ágiskunum sem nánari athugun mundi gjörsamlega gera að engu. Sjálfseignarstofnanir veita árlega - með lögmætum hætti - fé í þágu málefna sem eru í órafjarlægð frá jafnvel hinum víðfeðmu hugtökum *almannaheilög í almannabágu*. Flestar sjálfseignarstofnanir eru kyrrlát fyrirbæri þar sem á einum eða tveim árlegum stjórnarfundum eru teknar ákvarðanir um úthlutun, ráðstöfun fjármagns og ársreikninga. Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur eru ekki á sama stað í umræðunni eins og t.d. var um að ræða í lok áttunda áratugarins en það virðist ljóst að sjálfseignarstofnanir hafa ekki tekið yfir danskt atvinnulíf. E.t.v. er það varðandi þessar sjálfseignarstofnanir sem vænta má mestrar umræðu á tíunda áratugnum. Spurningin er hvort sjálft form sjálfseignarstofnunarinnar sé nægilega hentugt, einkum og sér í lagi þegar fyrirtæki hefur þörf fyrir að draga til sín fjármagn. Staða sjálfseignarstofnunarinnar hamlar því að nokkur umfram stofnunina sjálfa eigi tilkall til eigna hennar.

2. Yfirlit yfir löggjöfina

Einkum og sér í lagi á sjöunda og áttunda áratugnum var mikil gróska í stofnun sjálfseignarstofnana, einnig þeirra sem stunda atvinnurekstur. Astæðan var skattalöggjöfin og lög um opinber gjöld, vangaveltur um kynslóðaskipti og skortur á opinberu eftirliti með sjálfseignarstofnunum. Hluti af skýringunni var einnig að til voru (og eru) velviljaðir einstaklingar sem með þessu móti gátu reist sjálfum sér og fjölskyldu sinni varanlegra minnismerki og að sjálfseignarstofnanir voru lögmönnum og endurskoðendum mikilvægt viðskiptasvið. Þegar dánarbúinu og hugsanlegum deilum var lokið var það huggun að tengslin við skjólstaðinginn héldust í raun.

Nú þegar er svo mikið efni í pólitískri og réttarfarslegri tilvist sjálfseignarstofnana að réttarsagnfræðingum ber að draga sviðið inn á þeirra yfirráðasvæði. Sjá greinargerð nr. 970/1982 um

sjálfsseignarstofnanir bls. 23 og áfram (rituð af Ditlev Tamm). Lennart Lynge Andersen i Advokaten 1983, bls. 245 og áfram og sami í ársriti FSR 1989 bls. 13 og áfram¹

Eins og þegar hefur verið gefið í skyn var ekki mikil hrifning yfir því að lög skyldu sett um sjálfsseignarstofnanir. Í dómsmálaráðuneytinu [danska] höfðu um nokkurra ára skeið verið vangaveltur um sérstaka löggjöf um líknarstofnanir² sem einkum skyldi lúta að sjálfsseignarstofnunum sem ættu konunglega staðfesta³ skipulagsskrá, en svo er *Atvinnumálaráði verkalyðshreyfingarinnar* og vinstrisózialistanum *Preben Vilhjelms* fyrir að þakka að löggjafarferlið skyldi hefjast. Arið 1978 gaf Atvinnumálaráð verkalyðshreyfingarinnar út bæklinginn „Private fonds. Økonomisk magtkoncentration med offentlig støtte“ (Einkareknar sjálfsseignarstofnanir. Samþjöppun fjárhagslegs valds með opinberum stuðningi)⁴ og Preben Vilhjelms fjallaði um málið í Folketinget. Eftir að *Athugasemdum nr. 970/82 um sjálfsseignarstofnanir* hafði verið skilað voru á árinu 1984 samþykkt tvö lög um sjálfsseignarstofnanir, lög um sjálfsseignarstofnanir og tiltekin félög og lög um sjálfsseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Arið 1986 voru samþykkt lög um skattlagningu sjálfsseignarstofnana.

Í 9. kafla bókarinnar er nánar vikið að því hvernig reglur um verkalyðsfélög/fagleg félög bættust við lögin um sjálfsseignarstofnanir.

Lögum um sjálfsseignarstofnanir og tiltekin félög hefur verið breytt þrisvar. Fyrsta breytingin varð með lögum nr. 350 6. júní 1991 (svonefnt brottnám skrifinnaskunnar úr lögum um sjálfsseignarstofnanir) og með lögum nr. 187 23. mars 1992 (um úthlutun tiltekins gengishagnaðar, sjá auglýsingu um lög nr. 698 11. ágúst 1992. Ennfremur var lögnum breytt með lögum nr. 442 1. júní 1994 (um sjóðatæmingu félaga).

Í tengslum við lögin var gefin út reglugerð nr. 97 þann 15. mars 1985 um ráðstöfun fjármagns sjálfsseignarstofnana og þóknun til stjórnarmanna o.fl. Reglugerðinni var breytt með reglugerð nr. 144 frá 16. mars 1998 (um Værdipapircentralen), nr. 294 3. maí 1989 og nr. 677 30. október 1989 (í báðum tilvikum fjárfesting í hlutabréfum sparisjóða).

Um lagabreytingamar þrjár er fjallað í einstökum köflum bókarinnar. Lög nr. 350 9. júní 1991 eru einkum áhugaverð vegna þess að þau breyttu í mikilvægum atriðum skráningar- og eftirlitskerfinu í tengslum við sjálfsseignarstofnanir. Lagabreytingamar áttu sér pólitískar ástæður.

Frá árinu 1983 (þar sem komið var á einskráningu sjálfsseignarstofnana) til loka ársins 1991 var viðkomandi yfirvald Fondsregistret (Sjálfsseignarstofnanaskráin), sem annars vegar annaðist skráningu sjálfsseignarstofnana - þar á meðal í samstarfi við Erhvervs- og Selskabsregistret - skráningu sjálfsseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur - hins vegar var eftirlitsyfirvald með almennum sjálfsseignarstofnunum. Sjálfsseignarstofnanaskráin hefur að verulegu leyti mótað framkvæmd sjálfsseignarstofnanaréttarins.

Frá 1. janúar 1985 til 31. des. 1991 lögmatísprófaði Sjálfsseignarstofnanaskráin samþykktir nýstofnaðra sjálfsseignarstofnana, sjálfsseignarstofnana sem spurðust sjálfar fyrir og sjálfsseignarstofnana sem að öðru leyti gáfu tilefni til vafa. Í þessu fólst að tekin var endanleg stjórnsýsluleg afstaða - einnig með tilliti til skattayfirvalda - til þess hvort fyrir hendi væri löglega stofnuð sjálfsseignarstofnun.

Lögum um sjálfsseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur hefur verið breytt fimm sinnum: Með lögum nr. 851 23. desember 1987 (stjórnsýslulegar heimildir opinberra aðila), með lögum nr. 815 21. desember 1988 (endurskoðunarreglur voru færðar í lög um ársreikninga), með lögum nr. 105 15. febrúar 1989 (rafræn skráning félaga), með lögum nr.

¹ Ritað efni um sjálfsseignarstofnanir er orðið umtalsvert, sbr. heimildaskrá bókarinnar. Stór peningastofnun gefur út reglulega (og ókeypis) Bikuben: Nyt om fonde. Nýjasta eintakið er frá júní 1993. Það er fjallað um ýmsar ákvarðanir á sviði sjálfsseignarstofnana, greinar, umfjöllun um dóma, svo og skrár.

² Sjóðir, líknarstofnanir og styrktarsjóðir (Fonde, stiftelser og legater) eru samheiti.

³ Margra alda hefð er fyrir konunglegri staðfestingu (vgl. konfirmation). Konungleg staðfesti og opinber staðfesting eru samheiti.

⁴ Ritað af *Karin Kristensen* og *Mogens Lvkkeoft*

308 16. maí 1990 (ákvæði um samsteypur og bókhald) og með lögum nr. 350 6. júní 1991 (svonefnt brottmál skrifinnskunnar úr löggjöf um sjálfseignarstofnanir). Sjá nú auglýsingu um lög nr. 756 18. nóvember 1991.⁵

Til viðbótar lögnum hafa verið gefnar út nokkrar reglugerðir sem fjallað verður um síðar.

Lögum um skattlagningu sjálfseignarstofnana hefur (að sjálfsögðu) oft verið breytt. Um lög in er fjallað í 10. kafla bókarinnar.

3. Hugtakið sjálfseignarstofnun/sjóður

3.1 Almenn

Bæði lög in um sjálfseignarstofnanir eru byggð á sama hugtaki um sjálfseignarstofnanir - munurinn á þessum tveim gerðum er fólgin í því hvernig sjálfseignarstofnunin aflar fjár til úthlutunar og stjórnunar - en í lögnum er ekki nein nánari skilgreining. Nefndin um sjálfseignarstofnanir telur í Athugasemd um sjálfseignarstofnanir bl.s 43, að hugtakið sé svo velþekkt að ekki sé þörf á lagalegri skilgreiningu.

Í báðum lögum segir í 1. mgr. 1. gr. að lög in taki til *sjóða, styrktasjóða, líknanstofnana og annarra sjálfseignarstofnana/sjóða* og er þar um að ræða tilvísun til almennra sjálfseignarstofnanaréttarlegra grunnlögmála sem eiga sér rætur í ýmsum lögfræðilegum greinum. Megin Einkennin eru að sjálfseignarstofnun á að hafa *tilgang* í einum eða fleiri liðum, hún á að eiga *fé og ekki er heimilt að féð gangi eða að opnuð sé leið til að féð geti gengið aftur til stofnandans* og þeirra sem eru honum nátengd og sjálfseignarstofnun á að hafa *stjórn* sem er óháð stofnandanum. Ef þessum skilyrðum er fullnægt er jafnan um að ræða sjálfseignarstofnun en þó þarf ekki svo að vera, sbr.

Lennart Lyngé Andersen í U 1986 B bls. 24 og nánar í því sem hér fer á eftir.

Í lögnum um sjálfseignarstofnanir/sjóði er orðið sjálfseignarstofnun (fond) notað sem samheiti þar eð þetta heiti var talið nútímalegast. Aður fyrr var oft notað orðið *styrktarsjóður* en orðin líknanstofnun og klaustur gáfu jafnan til kynna að megin tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar væri að láta í té herbergi eða íbúðir. Sjálfseignarstofnanir, stofnaðar eftir 1. janúar 1985 skulu nota orðið sjálfseignarstofnun í heiti sínu sbr. 3. gr. laga um sjálfseignarstofnanir og 1. mgr. 4. gr. laga um atvinnumál.

3.2. Tilgangur

Sjálfseignarstofnun skal hafa tilgang í einum eða fleiri liðum og tilgangurinn skal vera tilgreindur í samþykktum stofnunarinnar, sbr. 3. tl. 1. mgr. 6. gr. laga um sjálfseignarstofnanir og 4. tl. 1. mgr. 7. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Um er að ræða ófrávíkjanlega kröfu sem einnig er þekkt hjá félögum og öðrum lögaðilum. Stofnun sjálfseignarstofnunar án tilgreinds tilgangs í einum eða fleiri liðum er tilgangslaus þar eð fjármunirnir muni - burtséð frá skattheimtu og stjórnunarkostnaði - safnast upp til eilífðar.

3.2.1. Meginreglan er að stofnandi (stofnendur) hefur frjálst val um tilgang stofnunarinnar. Samkvæmt sjálfseignarstofnanarétti er engin krafa um að tilgangurinn eigi að vera til almannaheilla eða í almannabágu.⁶ Stofnandinn getur greitt götu fjölskyldunnar eða pólitískra stefnumála sem venju samkvæmt telst ekki starfsemi í almannabágu. Velja má mjög sérstakan tilgang, t.d. að styðja tiltekinn skóla eða tiltekna hljómsveit, hann getur - eins og nánar er lýst í því sem á eftir fer - orðað ákvæði samþykktar mjög breitt (og þannig látið stjórn stofnunarinnar eftir verulega matsmöguleika) og honum er frjálst að velja að stofnunin skuli þjóna tilgangi sem þykir sumum illskiljanlegur, t.d. að styðja fótbolta. Einnig „gamaldags“ tilgangur í stíl við „fólk sem hefur þekkt betri tíma“ eða „ógiftar konur á Frederiksberg“ kemur til greina. Meðal málefna af nútímalegra tagi þekktist úr stjórnsýslunni „að styðja fórnarlömb

⁵ Flestar lagabreytingar tengjast breytingum á skipulagi atvinnumálaráðuneytis (iðnaðarráðuneytis) eða breytingum á öðrum lögum. Í *Athugasemdum nr. 1229/1992 um einöldun og framtíðaraðlögun félagslöggjafar* eru enn fremur lagðar til breytingar - sem ekki voru gerðar - á lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

⁶ Réttaráhrif varðandi álagningu skatta og opinberra gjalda eru tengd því hvort tilgangurinn er til almannaheilla eða í almannabágu. sbr. 10. kafla bókarinnar.

lögregluofbeldis" en hins vegar geta viðkomandi stofnendur ekki gert ráð fyrir að þeim verði leyft að skrá í samþykktir að sjálfseignarstofnunin skuli greiða þær sektir sem styrkþegar sjóðsins samkvæmt áður nefndum tilgangi hafa verið dæmdir til að greiða!⁷ 3.2.2. Undantekningar eru til frá meginreglunni um frjálst val á tilgangi en sjaldan hefur verið þörf á að beita neinum þeirra undantekninga. Tilgangur sjálfseignarstofnunar má ekki stríða gegn lögum eða velsæmi⁸, fjölskyldustofnanir sem stofnaðar eru eftir 1. janúar 1985 eru háðar sérreglu og sama á við um svonefndar *télagstegar sjálfseignarstofnanir*

Um fjölskyldustofnanir sem stofnaðar eru eftir 1. janúar 1985 fer skv. 7. gr. laga um sjálfseignarstofnanir (8. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur) sem hljóða eins. Í ákvæðunum er mælt svo fyrir að fjölskyldutilgangurinn sé ekki heimill ef hann á við einstaklinga aðra en þá sem á lífi eru þegar stofnunin er stofnuð eða við kynslóð sem miðað við þá er ósædd. Reglan er málamiðlun milli þeirra afila í nefndinni um sjálfseignarstofnanir sem óskuðu að varðveita fjölskyldusjóði og hinna sem óskuðu að útrýma fjölskyldusjóðum, sbr. *Athugasemdir um sjálfseignarstofnanir* bls. 51 og áfram og *Sjálfseignarstofnanir og félög* bls. 85 og áfram. Niðurstaðan er orðin lausn sem svipar til „fideicommisum“ sem felur í sér að forréttindi fjölskyldu megi varðveita vissan tíma en að fjölskyldan verði síðan að þeim tíma liðnum jafnréttá öðrum málefnum. Ef fjölskyldusjálfseignarstofnun t.d. hefur þann tilgang að styðja fjölskylduna og menntun er það þannig að - að liðnum nokkrum hluta næstu aldar - á stjórn sjálfseignarstofnunarinnar að meta, hvort fjölskyldumeðlimur skuli hljóta styrk úr stofnuninni til menntunar t.d. eða hvort aðrir hafi meiri þörf.

F-liður 14. gr. skattaálagningalaga og 52. gr. lífeyrissköttunarlaga mæla fyrir um takmarkanir á tilgangi svonefndra *télagstegra sjálfseignarstofnana*. Í þessum sjálfseignarstofnunum hefur atvinnurekandi - með skattfrádrætti - lagt fjármagn í sjálfseignarstofnun í þágu starfsmanna sinna. Sjálfseignarstofnair skv. 52. gr. mega einungis hafa þann tilgang að styðja einstaklinga sem áður hafa verið í þjónustu fyrirtækis atvinnurekanda eða vandamenn þeirra. Í sjálfseignarstofnun skv. 14 skal tilgangurinn vera að tryggja eða bæta kjör einstaklinga sem starfa eða hafa starfað í fyrirtækinu. Sjálfseignarstofnuninni er ekki heimilt að greiða út framlög sem svipar til eftirlauna.

Varðandi télagstegar sjálfseignarstofnanir sjá *Hvad er sociale fornds* (1960, 2. útg. 1970, báðar gefnar út af skrifstofu arðúthlutunarnefndar), *Poul Olsen*: Opsparing i pensionsøjemed og áfram og „hjælpe og støttefonds (Bikube 1971) *Bent Munch Pedersen* U 1973 B bls. 81 og áfram og *Lennart Lynge Andersen* i *Nyt om Fonde* 4/1993 bls. 11 og áfram.

Frá 1992 hefur í lögum um sjálfseignarstofnanir verið hlutfallskrafa milli tilgangs og fjármagns stofnunarinnar⁹. Loks var samkvæmt stjórnsýsluhefðinni krafa um að tilgangurinn væri tilgreindur með vissri ákveðni.

Neind um sjálfseignarstofnanirsagði á bls. 43 að sjálfseignarstofnun skuli hafa tilgang í einu tilteknu tilliti eða fleiri. Þáverandi sjálfseignarstofnanaskrá varð hins vegar í reynd við skráningu að slaka á þessari kröfu þar eð margar sjálfseignarstofnanir höfðu verið stofnaðar áður en lög in um sjálfseignarstofnanir voru samþykkt sem fullnægðu ekki þessari kröfu, sbr. *Fonde og Foreninger I* bls. 77. Í samþykktum má framvegis einskorða sig við orðalagið að stofnunin skuli styðja „menningarleg“ málefni eða vera „í almannapágu“, sem sjálfsagt lætur stjórn sjálfseignarstofnunarinnar eftir verulegt matsverkefni. Stofnandi getur hins vegar ekki falið stjórninni almennt að ákveða hvaða málefni eigi að styðja.

3.3 Stofnfé

Sjálfseignarstofnun skal hafa stofnfé eða fyrir þarf að liggja bindandi loforð um að stofnuninni berist fjármagn. 9. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur mælir svo fyrir að sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur skuli hafa stofnfé að fjárhæð minnst DKK 300.000 og skal það vera að fullu greitt. Áður en lög um sjálfseignarstofnanir voru samþykkt hafa verið stofnaðar sjálfseignarstofnanir án

⁷ Erindi sjálfseignarstofnunarstjórnarinnar dags. 5. júlí 1985

⁸ [Langt mál, verður þýtt ef óskað er eftir því].

⁹ [Lanet mál, verður búið ef óskað er eftir því].

stofnfjár¹⁰, en eftir 1984 hafa ekki í reynd verið teknar til greina sjálfseignarstofnanir án stofnfjár, sbr. *Fonde og Foreningar I, bls. 40*. Afleiðingin fyrir þær sjálfseignarstofnanir sem stunda ekki atvinnurekstur er að yfirvöld geta ekki í undanþágutilvikum skv. 2. mgr. 8. gr. leyft að sjálfseignarstofnun sé stofnun án stofnfjár.

3.4 Sjálfseignarstofnun skal hafa sjálfstæða stjórn gagnvart stofnanda.

Þótt ekki sé beint að finna ákvæði í lögnum um sjálfseignarstofnanir um þessa spurningu er það megineinkenni að stjórn sjálfseignarstofnunarinnar á að vera óháð stofnandanum. Í Folketingstidende 1983/84 (2. b.), viðauka A, dálkur 3105 segir svo:

»Það er skoðun dómsmálaráðuneytisins að við stofnun sjálfseignarstofnunar beri að gera kröfu um að ráðstöfunarheimildirnar varðandi sjóðinn verði í höndum stjórnar sem er sjálfstæð gagnvart stofnandanum. Þessi krafa hefur fram að þessu jafnan verið talin uppfyllt ef aðeins einn stjórnarmaður hefur verið í óhlutdrægni og óháðri stöðu. Að teknu tilliti til þess að ekki er talið að þessi skipan mála hafi gefið tilefni til misnotkunar og þar eð tryggð er með lagafrumvarpinu að öðru leyti áframhaldandi innsýn í aðstæður sjálfseignarstofnana telur dómsmálaráðuneytið ekki að nægilegt tilefni sé til að gera frekari kröfur.«

3.4.1. Fyrir 1985 bar spurninguna einkum á góma í tengslum við framkvæmd stjórnsýslu en síðan samþykktu skattayfirvöld sjálfseignarstofnun sem sjálfstæðan skattaðila. Þeirri framkvæmd er nánar lýst í *Athugasemdum um sjálfseignarstofnanir* bls. 243 og áfram. Eins og tekið er fram á sama stað bls. 62 hefur krafan jafnan verið talin uppfyllt ef aðeins einn stjórnarmaður hefur verið í óhlutdrægni og óháðri stöðu gagnvart stofnanda. Það er t.d. afleiðing af þessu að sjálfseignarstofnun sem er eingöngu undir stjórn stofnanda og/eða maka hans, verður ekki talin stofnuð með lögsmætum hætti, sjá einnig U 1989.921 H. Enn ekki sjálfseignarstofnun þar sem aðeins stofnendur eiga sæti í stjórn er löglega stofnuð.¹¹ Hins vegar er krafan um sjálfstæði uppfyllt ef t.d. lögmaður stofnanda tekur sæti í stjórn þótt ekki sé í raun hægt að útiloka að stofnandi hafi hann „í vasanum“. Jafnljóst er að persónuleg vinátta og tengsl í sambandi við starfið draga ekki í þessu sambandi úr sjálfstæði - ef svo væri mundi stofnun sjálfseignarstofnana í nokkrum tilvikum vera ólögleg.

3.4.2. Krafan um sjálfstæða stjórn er ekki uppfyllt í tilvikum þegar samþykki stofnanda þarf fyrir öllum ákvörðunum eða hann hefur almennt neitunarvald gagnvart ákvörðunum stjórnarinnar, sbr. erindi sjálfseignarstofnanaskrárinnar dags. 3. júní og 12. september 1996. Hins vegar getur stofnandinn fullkomlega löglega ákveðið að hans samþykki þurfi við *tillæknar* ákvarðanir, t.d. þegar samþykktum er breytt eða eignir seldar sem sjálfseignarstofnuninni hafa verið gefnar. Sjá í þessu sambandi ákvörðun sjálfseignarstofnanaskrárinnar, tilv. nr. 87-711-1049, (frá 1988) sem sagt er frá í Bikuben: Nyt om Fonde, nr. 1/1989 bls. 11, þar sem skráin gerði grein fyrir því að áhersla hefði verið lögð á

»að tveir af þrem stjórnarmönnum sem valdir eru af stofnanda sjálfseignarstofnunarinnar, bæjarráði... (geti) skv. 6. mgr. 8. gr. samþykka, ef þeir eru sammála um það, krafist þess með frestandi áhrifum að meðferð og afgreiðslu í bæjarráði ... sé frestað. Stjórn stofnunarinnar skal í slíku tilviki virða ákvörðun bæjarráðsins.

Þetta ákvæði í samþykktunum felur í sér möguleika á því að bæjarráð ... geti beitt neitunarvaldi gegn sérhverri ákvörðun sem tekin er í stjórn stofnunarinnar. Aðeins er nauðsynlegt að þeir tveir stjórnarmenn sem bæjarráðið hefur skipað krefjist þess að málið sé lagt fyrir bæjarráð.

Þetta er ekki í samræmi við grunnlögmál sjálfseignarstofnanaréttar en samkvæmt honum er sjálfseignarstofnun stjórnað af sjálfstærðri stjórn sem er óháð stofnandanum. Þetta hefur m.a. í för með sér að stofnandanum, bæjarráði ... er ekki heimilt alment neitunarvald gagnvart ákvörðunum stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar.

¹⁰ Sjá tilvísanir í *Fonde og Foreningar I* sbsl. 40.

¹¹ Sbr. erindi sjálfseignarstofnanaskrárinnar dags. 23. jan. 1987 og úrskurð Atvinnumálakvörtunarnefndar daes. 11. október 1993 (tilv. nr. 92-188).

Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að stofnandi skuli skv. samþykktunum í vissum mæli veita samþykki sitt fyrir tilteknum nánar tilgreindum ráðstöfunum, svo sem t.d. yfirtöku, afhendingu og veðsetningu fasteigna, samþykkt á reglum hafnarinnar og samþykkt fjárhagsáætlunar og ársreikninga.

Á þessum grundvelli skal tilkynnt að sjálfseignarstofnunin Lystbådehavn sé ekki að mati sjálfseignarstofnanaskrárinnar sjálfseignarstofnun (sjóður) á meðan möguleiki er á því skv. 6. mgr. 8. gr. samþykkt að bæjarráð geti beitt neitunarvaldi gagnvart sérhverri ákvörðun sem stjórn stofnunarinnar tekur.

Það hefur engin áhrif á þessa ákvörðun þótt 6. mgr. 8. gr. sé sett inn í samþykktimar í því skyni að leitast við að losa sjálfseignarstofnunina undan skráningarskyldu skv. 5. mgr. 1. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.»

3.4.3. Í 16. gr. laga um sjálfseignarstofnanir (17. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur) eru reglur sem miða enn að því að gera stjórn sjálfseignarstofnunarinnar óháða stofmandanum. Þær koma í veg fyrir að stofnandi taki einn síns liðs fjölskyldumenn inn í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar. Um reglurnar sem einungis gilda um sjóði sem eru stofnaðir eftir 1. janúar 1985 er fjallað í 4. kafla.

3.5 Ekki má vera unnt að færa fjármuni sjálfseignarstofnunarinnar aftur til stofnandans eða honum nátengdra einstaklinga.

Meginskilyrði fyrir lögmætri myndun sjálfseignarstofnunar er að ekki megi og ekki megi opna leið til þess að færa fjármuni stofnunarinnar aftur til stofnandans eða honum nátengdra einstaklinga. Akvæðum samþykkt á gagnstæða átt var hafnað við lögmætisprófun sjálfseignarstofnanaskrárinnar á árunum 1985-91 (en það hafði jafnan í för með sér að ekki var unnt að skrá sjálfseignarstofnunina á fyrirliggjandi grunni), og í nokkrum tilvikum leiddi það til þess að eldri stofnunum var ýtt til hliðar (sbr. 4 hér á eftir). Samkvæmt eðli sínu gildir grunnlögmálið bæði um almennar sjálfseignarstofnanir og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

3.5.1. Forsendan fyrir kröfunni - á stundum lýst með skondnum hætti sem reglu sem leggur að stofndanum að draga saman seglin - liggur í að sjálfseignarstofnunin er sem sjálfstæður lögaðili skilinn frá fjármálasviði stofnandans. Aðeins má nýta fjármuni sjálfseignarstofnunarinnar til ytri málefna. Þetta mundi vera ímyndun ef stofnandi gæti veitt fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar viðtöku, hvort sem slíkt gerðist af tilviljun eða skv. reglum í samþykktunum. Spurningar um vanhæfi mæla einnig með kröfunni. Ræða má hvar mörkin eigi að vera. Í reynd eru þau dregin við stofnandann, maka hans (sambylismann eða aðila í staðfestri samvist) og börn yngri en 18 ára sem búa heima. Reglan útilokar þannig ekki að stofnaðar séu fjölskyldusjálfseignarstofnanir enda taki einstaklingar í nefndum hópi ekki við framlagi úr sjálfseignarstofnuninni.

Reglan um að fjármunir sjálfseignarstofnunarinnar megi ekki renna aftur til stofnandans (og þess hóps sem getur að framan) merkir að stofnandinn o.fl. *geti ekki tekið við styrkframlögum, lánumeða hreinni eign* (eða hluta hennar) þegar sjálfseignarstofnunin er leyst upp. Sjálfseignarstofnun má *ekki setja tryggingu eða veð fyrir skuldbindingum stofnandans* Akvæði í samþykktum sem heimila þetta eru, eins nefnt hefur verið áður, ógild og þau geta vakið spurningar um tilvist sjálfseignarstofnunarinnar sem sjálfstæðs lögaðila. Ef reglan er brotin verður sett fram krafa um endurgreiðslu, og stjórn sjálfseignarstofnunarinnar verður að teljast bótaskyld ef sjálfseignarstofnunin bíður tjón vegna ólöglegrar úthlutunar. Stjórn sjálfseignarstofnunar mun nærri aldrei í góðri trú og úthlutun til nefnds hóps er klárlega gáleysisleg.

Á hinn bóginn er „samdráttar“-reglan ekki því til fyrirstöðu - að því tilskildu að heimild sé í samþykktunum - að úthlutað sé til ekkju (ekkils) að stofndanum látnum.

Sjá ítarlegri umfjöllun í *Fonde og Foreningar* bls. 41 og áfram þar sem rætt er um framkvæmd og *U 1989, 1039 H (TJS 1989, nr. 586)* tilv. undir 4.

Telja verður að reglan leiði til þess að stofnandi geti ekki áskilið sér tiltekinn *vaxtaþegarétt* frá sjálfseignarstofnuninni, sbr. *Fonde og Foreningar* bls. 43, en öfugt *Allan Þhillipi* Revision & Regnskabsvæsen 1989/12 bls. 73.

Um er að ræða grundvallarlögmál varðandi sjálfseignarstofnanir og telja verður að það gildi um allar sjálfseignarstofnanir, þ.e. einnig sjálfseignarstofnanir sem stofnaðar eru

fyrir tilurð laga um sjálfseignarstofnanir. Í 31. gr. laga um sjálfseignarstofnanir (43. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur) er að finna hluta af boðskapnum því þar er því slegið föstu að stjórn sjálfseignarstofnunar getur ekki greitt (m.a.) stofnendum og einstaklingum sem tengdir eru stofnanda í hjónabandi eða fastri sambúð framlög öðru vísi en í formi þóknunar til stjórnarmanna, og stjórn sjálfseignarstofnunar er heldur ekki heimilt að veita lán eða veð fyrir láni til viðkomandi. Vegna þess sem að framan greinir skiptir 31. gr. (43. gr.) þá einstaklinga mestu máli sem getið er í ákvæðinu (stjórnarmenn, endurskoðendur og framkvæmdastjóra) og um spurninguna er því fjallað í 7. kafla bókarinnar.

Nefnt grundvallarlögmál um skilvirkan aðskilnað fjármuna frá stofnanda er ekki því til fyrirstöðu að samningar verði gerðir milli stofnanda og sjálfseignarstofnunarinnar um kaup á eignum stofnanda, t.d. hlútabréfum í því fyrirtæki sem sjálfseignarstofnuninni er ætlað að reka í framtíðinni. Þó er það fólgið í grundvallarlögmálinu að greiðsla kaupverðs má ekki vera yfirgnæfandi starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar, og vitaskuld ber stjórn sjálfseignarstofnunarinnar að sýna sérstaka varkárni áður en hún samþykkir tilboð stofnanda sjálfseignarstofnunarinnar sem oft getur verið sambland af gjöf og sölu.¹²

3.6. Varanleiki sjálfseignarstofnana

Í lögum um sjálfseignarstofnanir eru engin ákvæði um varanleika sjálfseignarstofnana en telja verður að það sé hluti af hugtakinu sjálfseignarstofnun að hún skuli vera til um tiltekinn tíma. Nefndin um sjálfseignarstofnanir (*Athugasemdir um sjálfseignarstofnanir* bls. 47) áleit að án efa sé dæmigert að sjálfseignarstofnunum í Danmörku sé ætlað að starfa án tímatakmarkana en að til væru staðfestar sjálfseignarstofnanir þar sem einnig ætti að nýta stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar skv. tilgangi stofnunarinnar.¹³ Að aliti nefndarinnar hlytu að »gilda vissar lágmarkskröfur varðandi tímalengd starfseminnar til þess að viðurkennd verði stofnun sjálfseignarstofnunar. Ef þannig er ráð fyrir því gert að nýta stofnféð á mjög stuttum tíma virðist ekki sanngjarnt að fullnægja tilganginum með því að stofna sjálfstæða sjálfseignarstofnun.«

Þessar athugasemdir mynda grunninn að skipan mála hjá sjálfseignarstofnanaskránni frá 1985, þar sem þess var almennt krafist að sjálfseignarstofnun ætti að vera til 10 ár hið minnsta.

Eftir að sjálfseignarstofnanaskráin var lögð niður felst vandi sjálfseignarstofnana sem ekki stunda atvinnurekstur í því að í raun er enginn sem lítur eftir að kröfunni sé fullnægt nema skattayfirvöld taki málið upp. Í fræðilegu tilliti er enginn vafi á því að það er skattayfirvalda að fylgjast með málinu. Gera verður ráð fyrir að hreinar úthlutunarstofnanir fullnægi í reynd ávallt kröfunni en í tímans ráðs hafa verið stofnaðar - og eru enn stofnaðar - sjálfseignarstofnanir þar sem markmiðið umfram úthlutun er að mynda *skipulagsramma* fyrir tiltekna starfsemi, t.d. hátíð. Framkvæmd laga um sjálfseignarstofnanir virðist ekki hafa gert út af við slíkar „sjálfseignarstofnanir“ en markmið þeirra er fyrst og fremst að vernda leikarana gegn skuldheimtumönnum. Örðugt virðist að greina að grundvöllur sé fyrir því að vernda þessa leikara.¹⁴

4. Réttaráhrif þess að ekki er fyrir hendi sjálfseignarstofnun¹⁵

Ef stofnandi eða stjórn sjálfseignarstofnunar staðhæfir að fyrir hendi sé sjálfseignarstofnun og ef nokkur þeirra einkenna sem greinir í 3. kafla eru ekki fyrir hendi rís spurningin um hvort bæta megi úr viðkomandi annmarka eða hvort réttaráhræðið skuli vera að fyrirhuguð myndun sjálfseignarstofnunar teljist ógild. Á fyrstu árum sjálfseignarstofnanaskrárinnar komu þessar spurningar oft upp.

Telja verður að réttarstaðan sé einkum háð því hvort vart verður við annmarkann og til hvaða ráðstafana „stofnunin“ hefur gripið. Hafi t.d. liðið nokkur tími - þ.e. fleiri ár -

¹² Sjá um stjórnsýslulega framkvæmd í slíkum málum *Fonde og Foreninger* / bls. 46.

¹³ Sjá 5. kafla bókarinnar um 5. mgr. 9. gr. laga um sjálfseignarstofnanir.

¹⁴ Sjá sérlega lýsandi dæmi í *Fonde og Foreninger* / bls. 51.

¹⁵ Síá sérlega lýsandi dæmi í *Fonde og Foreninger* / bls. 51.

og hafi sjálfseignarstofnunin að öðru leyti starfað sem slík er viljinn ekki sérlega sterkur til þess að telja stofnunina ógilda, nema um sé að ræða að stofnandinn o.fl. hafi brotið gegn samþykktunum eða almennum reglum sjálfseignarstofnunaréttarins um að fjármunir megi ekki renna aftur, sbr. 3.4. að framan. Ástæða þessa er að draga verður tillit til tilgangs stofnunarinnar inn í matið.

A meðan verið er að stofna stofnunina og hún hefur enn ekki tekið til starfa (eða á meðan fyrstu skrefin eru stigin) er það bæði fræðilega og í reynd ófrávikjanleg krafa að stofnunin skuli fullnægja þeim kröfum varðandi hugtakið sjálfseignarstofnun sem greinir í 3. kafla. Skattayfirvöld/ Erhvervs- og selskabsstyrelsen/yfirvöld á sviði sjálfseignarstofnana verða hér að grípa til aðgerða og krefjast þess að bætt sé úr annmörkunum. Er heimild er fyrir útborgunum til stofnanda o.fl. eða skortir stofnunina fjármagn eða tilgang er fyrir hendi ógilding - úrbætur hafa réttaráhrif samstundis. Aðeins þegar annmarkinn varðar smáatriði (t.d. að skjal hefur ekki verið látið fylgja samþykktunum, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur) hafa úrbætur áhrif samstundis.

Ef annmarkans verður vart síðar - þegar sjálfseignarstofnunin hefur starfað, hefur úthlutað o.s.frv. - þarf verulega mikið að vera að til þess að grundvöllur sé til ógildingar. Nauðsynlegt er að brotið hafi verið gegn almennum grundvallarlögmálum sjálfseignarstofnunaréttar og gera verður ráð fyrir að aðaldæmið sé að stofnandi o.fl. í raun tekur við fjármunum frá stofnuninni. Úr öðrum annmörkum - t.d. að stjórn sjálfseignarstofnunar sé ekki nægilega sjálfstæð eða að stofnunin hafi einhvern tíma hafið starfsemi án fjármagns - má og verður að bæta og sjálfseignarstofnunin getur þá haldið áfram starfsemi sinni.¹⁶ Hér skiptir verulegu máli að tillit sé tekið til tilgangs sjálfseignarstofnunarinnar.

Meginsjónarmiðið varðandi annmarka sem vart verður á síðari sínum er síðan hvort raunverulega hafi verið skilið milli fjármálasviðs stofnanda og stofnunar.

Sjá um þetta *U 1989.1039 H(TYS 1989 nr. 586* þar sem endurskoðandi eftir sölu fyrirtækis gaf söluandvirðið - sem átti að greiðast á 10 árum - til fjölskyldufélags. Hæstiréttur sló föstu að afhendingin væri ekki fullkomin gjafargerð þar sem ekki hefði verið framkvæmdur endanlegur aðskilnaður við sjóð stofnandans. Hæstiréttur lagði m.a. áherslu á að stofnandinn yrði tekjuskattsskyldur vegna hinna árlegu framlaga, að tilgangur ráðstöfunarinnar hefði verið að forðast skattlagningu og að fjármunir félagsins hefðu eingöngu gagnast stofnandanum og fjölskyldu hans. Akvörðun þessi varðar beint félag en sama mundi gilda ef um sjálfseignarstofnun væri að ræða.

Sjá um tilvik þar sem skuldunautur dró stofnun sjálfseignarstofnunar í efa (*U 1989.921 H*(sem heimilar ógildingunni). Sjá einnig *Fonde og Foreninger* bls. 42, þar sem fjallað er um úrskurð sjálfseignarstofnanaskrárinnar dags. 18. desember 1991 varðandi sjálfseignarstofnun sem hafði starfað um 12-13 ára skeið. Úrskurðurinn sem samkvæmt beiðni stofnanda sjálfseignarstofnunarinnar gerði að engu stofnun sjálfseignarstofnunarinnar verður að teljast greinilega rangur.

5. Sjóðurinn sem sjálfseignarstofnun

Tilhneiging hefur verið til að nota hugtökin „sjóður“ (styrktarsjóður o.s.frv.) og „sjálfseignarstofnun“ í sömu merkingu. Þó er nákvæmara að taka þannig til orða að *sjóður sé sjálfseignarstofnun*¹⁷. Í þessu felst að eignarrétturinn að eignir sjóðsins tilheyra sjóðnum sem slíkum og að enginn þriðji aðili, einstaklingur eða lögaðili, utan sjóðsins getur átt tilkall til fjármuna sjóðsins, að sjóðurinn gengur ekki í arf og ekki verður með lögmætum hætti úthlutað úr sjóðnum til hóps eigenda, hvorki á meðan sjóðurinn er til né þegar hann

¹⁶ Margt heimildarefni er til um þetta síðan sjálfseignarstofnanaskráin var og hét. Útgangspunkturinn var að (áður stofnuð) sjálfseignarstofnun var skráð með athugasemd um að viðkomandi ákvæði hefðu engin réttaráhrif. Sjá U 1986 B bls. 24 og áfram.

¹⁷ Sbr. *Lennart Lynge Madseri* U 1986 B bls. 21 og áfram þar sem lögð er áhersla á nokkur félög séu einnig sjálfseignarstofnanir.

verður leystur upp. Bæði á meðan sjóðurinn er til og þegar hann er leystur upp er einungis heimilt að úthluta eignum sjóðsins - að frátöldum stjómunarskostnaði og opinberum gjöldum til þeirra viðtakenda sem tilgangur sjóðsins varðar. Ekki er heimilt að gera lögtak í eignir sjóðsins vegna krafna sem hvíla á stofnanda eða stjórn.

6. Samskipti við aðra lögaðila

Í félagsréttarlegu tilliti eru sjálfseignarstofnanir skyldar öðrum lögaðilum. Þetta á sérstaklega við um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur - þar sem hlutar af lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur eru með meðvituðum byggðir á ákvæðum hlutafélagalaga - en einnig vegna almennra sjálfseignarstofnana má sækja innblástur í félagaréttinn. Reglurnar eru aðeins einfaldari að gerð.

Ekkert er óljóst þegar draga á mörk milli almennra sjálfseignarstofnana og þeirra sem stunda atvinnurekstur annars vegar og hlutafélaga, einkahlutafélaga, sameignarfélaga, kommandit-félaga, samvinnufélaga og útgerðarhlutafélaga hins vegar. Aðalmunurinn er fólgin í fyrirkomulagi eignarhalds og í tilgangi atvinnurekstrarins.¹⁸

Komið hafa í ljós meiri vandkvæði gagnvart félagasamtökum þótt hæstiréttur með *U 1991.819* Hafi eytt nokkrum vafaatriðum. Líkingin með sjóði og félagasamtökum er fólgin í því að í samþykktum nokkurra félagasamtaka (eða leiðir af almennum réttarlögmálum) er mælt svo fyrir að félagsmenn hafi ekki eignarheimildir og að stofnfé við upplausn félagasamtakanna eigi að renna til líknarmála. Þannig getur verið erfitt að greina milli stórrar sjálfseignarstofnuam sem stundar beinan atvinnurekstur og félagasamtaka sem berjast gegn sjúkdómum þar sem hlutverk félagsmanna í meginatriðum er fólgið í því að greiða framlög til hins góða málefnis.

Í *U 1991.819* Hvar staðreyndin þessi: Félagsmenn í Provinsbankforeningin samþykktu árið 1952 að stofna slysa og áhættusjóð Provinsbankanna og skyldi tilgangur hans vera að „veita aðildarbönkum fjárhagslega aðstoð þar sem skrifstofumenn eða aðrir sem í embættis meðföllum eða sem stjórnarmenn eru tengdir bönkunum hafa orðið fyrir árásum ræningja og hlotið dauða og varanlega örorku af.“ Árið 1979 var eftirfarandi bætt við tilgangsákvæðið: „Ennfremur er heimilt í sérstökum tilvikum að veita fjárhagsaðstoð til sameiginlegra menntamála.“ Í áhættusjóðinum eru félagsmenn en fjöldi þeirra er breytilegur. Félagsmenn eiga þess kost að segja sig úr sjóðinum og félagsaðild lýkur ef félagsmaður gengur úr Provinsbankforeningin. Þetta hefur gerst nokkrum sinnum. Félagsmenn eiga skv. 3. mgr. 3. gr. eignarrétt að stofnfé slysa- og áhættusjóðsins. Ákvæði eru um félagsgjöld en félagsgjaldskyldan verður óvirk þegar búið var að greiða DKK 150.000. Eignirnar nema nú DKK 1,8 milljónum og er skýringin sú að engin útgjöld hafa verið vegna megingiltgangs - engin rán hafa verið framín sem leitt hafa til dauða eða örorku hjá Dönskum Provinsbönkum.

Skipulagslega er það svo að slysa- og áhættusjóðurinn er undir stjórn skrifstofu Provinsbankforeningin sem einnig er skrifstofa félagsmanna og ársreikningur sjóðsins er lagður fyrir ársfund Provinsbankforeningin. Breytingar á samþykktum eru ákveðnar á ársfundum Provinsbankforeningin en um það gilda reglur sem ákveðnar eru um breytingar á samþykktum á vegum Provinsbankforeningin.¹⁹

Hæstiréttur sló föstu að ekki var um sjálfseignarstofnun / sjóð að ræða. Hæstiréttur vísar til þess að félagsmenn geta notið góðs af bæði megingiltgangi sjóðsins sem svipar til tryggingarstarfsemi og varatilgangi sjóðsins, að sjóðinum er stjórnað af þeim sem geta notið góðs af honum og að heimilt er að greiða félagsmönnum út stofnfé sjóðsins ef til upplausnar hans kemur.

Ég undirritaður Lars H. Andersen
votta hér með að texti þessi er
fullgerð og nákvæm þýðing á
meðfylgjandi frumriti /afriti
sem er ritað á dönsku.

Akranesi þ. 7. 12. 98

Lars H. Andersen
löggiltur skjalapýðandi

¹⁸ Skv. lögum nr. 123 18. feb. 1994 um fyrirtæki sem stunda atvinnurekstur starfa nefnd félög / fyrirtæki samkvæmt lögum - þótt ekki sé það alveg í sama mæli hjá öllum.

¹⁹ Nú samtökin *Lokale Føreneinstitutter*

Kapitel 1

Indledning. Fondsbegrebet

1. Indledning

En fondsdannelse sker ved, at en formue henlægges under selvstændig bestyrelse for at varetage nogle nærmere bestemte formål, fastsat af stifteren (stifterne). En fond er en selvejende institution – det er alene fonden, der har ejendomsretten til aktiverne. Fondens formue falder ikke i arv, og hvis en fond opløses, sker der ikke udbetaling til en ejerkreds/stifterens arvinger e.l. Nettoformuen kan ved opløsning alene udbetales til de formål, vedtægterne angiver.

Der har eksisteret fonde og fondslignende institutioner i Danmark i mange hundrede år, men egentlig lovgivning blev først gennemført i 1980'erne. Dette skyldtes mere politisk pres end politisk vilje. Der har i de sidste 30-40 år knyttet sig urealistiske forestillinger til, hvad fondene bedrev. De fleste har vistnok et billede af, at en fond driver en almenvelgørende virksomhed – navnlig kun uddeler til formål, der i det almindelige omdømme anses for acceptable – medens enkelte i fondenes erhvervsdrift har set en fare for, at erhvervslivet kom på ensidige, udynamiske fondshænder. „Fler-tallets“ indstilling ses i, at der gælder meget gunstige skatte- og afgiftsregler for fondene – så gunstige, at sigtet reelt er, at en fond ikke skal betale skat. Der findes vist ikke andre eksempler herpå.

Selv om det er lykkedes mange fonde – trods øget offentlighed fra 1985 – at holde sig diskret i baggrunden, er der grund til at tro, at begge de nævnte synsvinkler bygger på formodninger, der ved en nærmere undersøgelse ville blive (radikalt) arkræftede. Fondene uddeler hvert år – lovligt – til formål, der ligger langt væk selv fra de vide begreber *almenvelgørende* og *almennyttig*. De fleste fonde fører en stille og rolig tilværelse, hvor der på 1-2 årlige bestyrelsesmøder tages stilling til uddeling, kapitalforvaltning og årsregnskab. De erhvervsdrivende fonde indtager ikke samme placering i debatten, som det eksempelvis var tilfældet i slutningen af 1970'erne, men det synes at ligge fast, at de private fonde ikke har overtaget dansk erhvervsliv. Det er muligvis med hensyn til disse fonde, at man kan forvente den største debat i 1990'erne. Det er et spørgsmål, om fonden som *organisationsform* er tilstrækkelig hensigtsmæssig, navnlig når en virksomhed har behov for at

tiltrække kapital. Fondens status af selvejende institution hindrer, at nogen ud over fonden selv har ejerbeføjelser i en fond.

2. Oversigt over lovgivningen

Navnlig i 1960'erne og 1970'erne gik det meget stærkt med at oprette fonde, herunder erhvervsdrivende fonde. Dette skyldtes skatte- og afgiftslovgivningen, generationsskifteovervejelser og den manglende offentlige kontrol (og tilsyn) med fondene. Medvirkende var også, at der fandtes (findes) velgørende mennesker, der herved kunne sætte sig et mere varigt minde over sig selv og familien, og at fondene var et vigtigt forretningsområde for advokater og revisorer. Når dødsboet og eventuelle tvister var afsluttede, var det en trøst, at klientforholdet reelt fortsatte.

Der er allerede nu så meget stof i fondenes politiske og retlige liv til, at retshistorikerne bør inddrage området under deres jagtmark. Se *Betænkning nr. 970/1982 om fonde* s. 23 ff (skrevet af Ditlev Tamm), *Lennart Lyng Andersen* i *Advokaten* 1983 s. 245 f og *samme* i *FSR's Årsskrift* 1989 s. 13 ff.¹

Som allerede antydnet var det ikke med større begejstring, at der blev gennemført lovgivning på fondsområdet. Der havde i Justitsministeriet gennem nogle år været overvejelser om en særlig stiftelseslov², der navnlig skulle omfatte de fonde, hvis fundats var forsynet med kgl. konfirmation,³ men det er *Arbejderbevægelsens Erhvervsråd*s og VS-politikeren *Preben Vilhjelm*s fortjeneste, at der kom gang i lovgivningsprocessen. *Arbejderbevægelsens Erhvervsråd* udgav i 1978 hæftet "Private fonde. Økonomisk magtkoncentration med offentlig støtte",⁴ og Preben Vilhjelm tog spørgsmålet op i Folketinget. Efter afgivelsen af *Betænkning nr. 970/82 om fonde* blev i 1984 gennemført to fondslove, lov om fonde og visse foreninger og

1 Litteraturen om fonde er efterhånden ganske betydelig, jfr. bogens litteraturfortegnelse.

Et større pengeinstitut udgiver periodisk (og vederlagsfrit) *Bikuben: Nyt om fonde*. Det seneste nr. er fra juni 1993. Der er omtale af en række afgørelser inden for fondsområdet, artikler, domsgennemgang samt registre.

2 *Fonde, stiftelser og legater* er synonyme.

3 Den kgl. konfirmationspraksis går mange hundrede år tilbage. Begreberne "kgl. konfirmation" og "offentlig stadfæstelse" er synonyme, jfr. om praksis i årene op til fondslovene *Fondsret* s. 137 ff.

Stadfæstelsesinstitutionen bortfaldt den 1. januar 1985, hvor fondslovene trådte i kraft.

4 Skrevet af *Karin Krisiensens* og *Mogens Lykkesøft*.

Oversigt over lovgivningen

lov om erhvervsdrivende fonde. I 1986 blev der gennemført en fondsbeskatningslov.

I bogens kapitel 9 omtales nærmere, hvor fondsloven blev suppleret med regler om faglige foreninger.

- 12.1 Verksala er aðeins heimilt að fengnu skriflegu leyfi verkkaupa að ráðast í eða taka þátt í óvenjulegum fjárhagslegum ráðstöfunum, sem kunna að leiða af sér að eigi verði staðið við samning þennan.
- 12.2 Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda ákvæði laga um ársreikninga nr. 144/1994 og um bókhald nr. 145/1994.
- 12.3 Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi vegna þeirrar starfsemi og þjónustu er samningurinn tekur til aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri og eignum verksala.
- 12.4 Stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og aðrir stjórnendur verksala mega ekki taka þátt í meðferð máls um samningagerð milli verksala og þeirra, ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta, sem kunna að fara í bága við hagsmuni verksala. Skylt er stjórnarmanni, framkvæmdastjóra og öðrum stjórnendum að upplýsa stjórn og verkkaupa um slík atvik.
- 12.5 Verksala er hvorki heimilt að veita stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra eða öðrum starfsmönnum sínum lán eða setja tryggingu fyrir þá. Verksala er einnig óheimilt að veita þeim lán eða setja fyrir þann tryggingu sem giftur er eða í óvígðri sambúð með aðila skv. 1. ml. eða er skyldur honum að feðgatali eða niðja eða stendur hlutaðeigandi að öðru leyti sérstaklega nærri.
- 12.6 Verksali skuldbindur sig til að fylgja útboðsstefnu ríkisins við magnkaup á vörum og þjónustu. Í þessu felst að bjóða skuli út kaup á vörum og þjónustu þegar keypt er fyrir 3 millj. kr. eða meira og framkvæmdir yfir 5 millj. kr., nema augljóst sé að það þjóni ekki hagsmunum verkkaupa. Við útboð skal þess vandlega gætt að seljendum vöru og þjónustu sé ekki mismunað.

13. Þagnarskylda

- 13.1 Verksali og starfsmenn hans skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd samnings þessa og leynt á að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

14. Meðferð ágreiningsmála

- 14.1 Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd á samningi þessum skal honum vísað til þriggja manna sáttanefndar. Tilnefnið verksali einn, verkkaupi einn og oddamaður, sem jafnframt er formaður, skal tilnefndur af Héraðsdómi Reykjavíkur. Skal sáttanefndin skera úr um ágreininginn eins fljótt og kostur er.
- 14.2 Skiptist kostnaður við starf sáttanefndar jafnt milli verkkaupa og verksala.

15. Vanefndir

- 15.1 Ef verksali vanefnir samningsskyldur sínar, getur verkkaupi krafist tafarlausra úrbóta og sett tímafresti. Falli þjónusta niður eða skerðist verulega er verkkaupa heimilt að skerða framlag skv. 7.1 í réttu hlutfalli við brottfallið eða skerðinguna
- 15.2 Hafi verksali ekki bætt úr annmörkum samnings innan tímafrests í samræmi við kröfur verkkaupa hefur verkkaupi heimild til að fresta greiðslum ríkisins þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar. Verksali á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað skv. þessari grein.
- 15.3 Ákvæði 15.1 – 15.2 gilda eftir því sem við á um vanefndir verkkaupa gagnvart verksala.

16. Gildistími. Uppsögn. Endurskoðun.

- 16.1 Samningur þessi, sem gerður er til fjögurra ára, öðlast gildí hinn xxxxxxxxxx.
- 16.2 Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með a.m.k. 12 mánaða fyrirvara, miðað við áramót. Uppsögn skal vera skrifleg.
- 16.3 Telji samningsaðili að forsendur samningsins hafi breyst getur hann farið fram á viðræður um endurskoðun á einstaka ákvæðum samningsins á samningstímabilinu. Samningsaðilar ákveða sameiginlega fyrir 1. janúar xxxx hvort stefna skuli að endurnýjun samnings.

17. Frumrit. Staðfesting og kynning samnings.

- 17.1 Af samningi þessum skulu gerð þrjú samhljóða eintök og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins.
- 17.2 Eitt eintak skal vera í vörslu verkkaupa eitt eintak í vörslu verksala og eitt eintak skal vera í vörslu fjármálaráðuneytis.
- 17.3 Samning þennan skulu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið kynna fjárlaganefnd Alþingis.

Bókun um RAI - matskerfi

Í samningi þessum er gert ráð fyrir að gæðakerfishluti RAI-matsins sé tekinn í notkun stig af stigi á samningstímanum. Skráningarluti kerfisins verður í notkun strax frá upphafi og smám saman verður komið upp algildum viðmiðunarmörkum fyrir gæðavísa sem verksali skuldbindur sig til að standast, skv. nánari reglum sem RAI-matsnefnd setur. Hvenær gæðavísarnir verða að fullu teknir í notkun er enn óráðið og ræðst það m.a. af því hvernig RAI-matsnefnd sækist starfið við að koma kerfinu á laggirnar.

Ekki er ætlunin að notast við stuðul þann sem RAI-matskerfið gefur yfir svokallaða hjúkrunarþyngd til að ákvarða upphæð greiðslna til verksala að svo komnu máli. Hinsvegar verður skoðað á samningstímanum hvort notkun þyngdarstuðla RAI-matskerfisins geti hentað við að ákvarða fjárveitingar í framtíðinni.

Reykjavík,

F.h. stjórnar

F.h. heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytis

F.h. fjármálaráðuneytis

Fylgiskjal 1: Févarsla og umsýsla

Verksali skal tryggja að haldið verði utanum vasapeninga heimilismanna með öruggum hætti. Verksali kynnrir sér hverjir eiga rétt á að fá vasapeninga skv. lögum og/eða reglugerðum og annast samskipti við Tryggingastofnun ríkisins varðandi vasapeningagreiðslur svo sem tilkynningar um nýja einstaklinga, breytingar á aðsetri, brottför og andlát. Halda skal skrá yfir almennar upplýsingar um heimilismenn, hvort þeir hafi fjárræði eða lögræði og hverjir eru fjárhaldsmenn þeirra og nánustu ættingjar.

Eftirfarandi eru **möguleikar** til févörslu og umsýslu fjármuna heimilismanna:

A. Fjárhaldsmaður. Fjárhaldsmaður vistmanns sér um að annast fjárreiður fyrir hans hönd.

B. Umboð. Verksali annast fjárreiður heimilismanns, sé þess óskað skv. umboði hans gagnvart Tryggingastofnun ríkisins. Stuðst skal við skrifleg umboð frá heimilismanni eða fjárhaldsmanni hans. Verksali getur leitað eftir þjónustu bankanna til að annast févörslu heimilismanns.

C. Vistmannabókhald. Verksali ber ábyrgð á því að sérstakt vistmannabókhald sé haldið þar sem skráðar eru fjárreiður fyrir hvern heimilismann um sig, s.s. vasapeningatekjur frá Tryggingastofnun ríkisins og úttektir vegna þeirra, greiðslur frá lífeyrissjóðum og aðrar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

D. Gjaldkeri. Verksali felur ábyrgum starfsmanni þá ábyrgð að gæta hagsmuna heimilismanna hvað varðar notkun á vasapeningum þeirra og öðrum eignum sem þeir hafa hjá sér á heimilinu auk þess að annast fjárreiður.

E. Ráðstöfun vasapeninga. Verksala er einungis heimilt að ráðstafa vasapeningum heimilismanna þannig að þeir nýtist viðkomandi heimilismanni til persónulegra þarfa, efli sjálfstæði og auki ánægju hans. Ekki er ætlast til að heimilismenn greiði af vasapeningum sínum venjulega innanstokksmuni svo sem húsgögn til sameiginlegra nota, rúm, rúmfatnað og gardínur, nema ef um séróskir er að ræða. Hinsvegar er viðeigandi ráðstöfun á vasapeningum til t.d. ferðalaga eða annarra skemmtana, til kaupa á sælgæti, tóbaki, persónulegum munum, tískufatnaði og jafnvel húsbúnaði í eigið herbergi, allt eftir ástandi og þörfum hvers og eins.

Fylgiskjal 2: Húsnæði

Verksali leggur fram xxx fermetra húsnæði í xxxxxxx, sbr. teikningu í fylgiskjali. Verksali ber ábyrgð á að húsnæðið uppfylli ákvæði byggingareglugerðar nr. 177/1992 með síðari breytingum. Húsnæðið skiptist þannig.

Herbergi: Einsmanns herbergi eru fermetrar að stærð og tveggja manna herbergi eru fermetrar. Hvert herbergi skal búið rúmi, náttborði, fataskáp ásamt snyrtingu með sturtu. sjúkrabað/böð eru

Setustofur: Rými setustofa skal að lágmarki vera fermetrar. Setustofur skulu búnar þannig að heimilismenn geti setið þar í frítímum og tekið á móti gestum. Í setustofum skulu m.a. vera stólar, sófar, sjónvörp og útvarpstæki.

Eldhús og matstofa er fermetrar.

Sjúkraþjálfun er fermetrar.

Læknastofa er fermetrar.

Fylgiskjal 3: Fjárhagsáætlun verksala.

Fylgiskjal 4: Upplýsingagjöf

1. Gögn meðfylgjandi samningi

Sem gögn meðfylgjandi samningi og hvenær sem breyting verður á skal skilað inn:

- **Samþykktir / Skipulagsskrá**

Í samþykktum eða skipulagsskrá skal tilgreina eftirtalin atriði:

1. Heiti stofnunarinnar.
2. Heimilisfang og varnarþing.
3. Markmið stofnunarinnar.
4. Stofnfé eða framlagsfé stofnanda (stofnenda).
5. Að hve miklu leyti stofnunin yfirtekur aðrar eignir en reiðufé við stofnunina.
6. Fjöldi stjórnarmanna og endurskoðenda, starfstíma þeirra og hvernig þeir eru tilnefndir.
7. Ákvæði um reikningshald og ársreikning og endurskoðun, þar með talið hvert reikningsárið skuli vera.
8. Ákvæði um ráðstöfun hagnaðar og taps.
9. Ákvæði um hvernig með skuli fara nái stofnunin ekki markmiðum sínum svo sem um hver sé bær að ákveða breytingar á samþykktum eða leggja hana niður.

Skjöl sem vísað er til í samþykktum, en ekki eru upp í hana tekin að aðalefni til, skulu fylgja henni.

- **Stjórn.**

Listi yfir meðlimi stjórnar.

2. Árleg skil

Innan þriggja mánaða frá lokun reikningsárs ár hvert skal verksali ótilkvaddur senda verkkaupa, Ríkisbókhaldi og Ríkisendurskoðun ársskýrslu sem inniheldur eftirfarandi:

I. ÁRSREIKNINGUR

- Ársreikningur skal vera í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga nr. 144/1994 og um bókhald nr.145/1994 svo og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur og inniheldur eftirfarandi:

1. Ársskýrsla stjórnar
2. Áritun endurskoðanda
3. Rekstrarreikningur
4. Efnahagsreikningur
5. Yfirlit yfir sjóðsstreymi
6. Reikningsskilaaðferðir, skýringar og sundurliðanir

- Rekstrarreikningur skal innihalda eftirfarandi tegunda og deildaskiptingu:

REIKNINGSLYKLAR \ DEILDIR	ALLS. TEKJUR / KOSTNAÐUR	KOSTNAÐUR HJÚKRUAR- DEILDAR
1. Tekjur		
1.1 Framlag ríkissjóðs		
1.2 Seld þjónusta út fyrir stofnun		
1.3 Húsaleiga (skilgreina)		
1.4 Vaxtatekjur		
1.5 Greiðslur vistmanna		
1.6 Aðrar rekstrartekjur		
1.7 Styrkir og gjafir		
<hr/> SAMTALS TEKJUR		
2. Laun og launatengd gjöld		
2.1 Dagvinnulaun		
2.2 Vaktálagsgreiðslur		
2.3 Aukagreiðslur		
2.4 Yfirvinna		
2.5 Launatengd gjöld		
2.6 Önnur launagjöld, ótalin annars staðar		
3. Almenn vörukaup		
3.1 Bækur, ritföng o.þ.h. vörur		
3.2 Byggingarvörur (viðhald húseignar)		
3.3 Tæki og búnaður (óeignfært)		
3.4 Viðhalds- og rekstrarvörur		
3.5 Rafmagn		
3.6 Hiti		
3.6 Eldsneyti		
3.6 Matvæli		
3.7 Selt fæði til starfsmanna		
3.8 Fatnaður og lín		
3.9 Hreinlætis- og ræstingarvörur		

REIKNINGSLYKLAR/DEILDIR	ALLS: TEKJUR/ KOSTNAÐUR	KOSTNAÐUR HJÚKRUNAR- DEILD
-------------------------	-------------------------------	----------------------------------

4. Sérgreind vörukaup

- 4.1 Lyf
- 4.2 Einnota lækninga- og hjúkrunarvörur
- 4.3 Rannsóknastofu- og röntgenefni
- 4.4 Handavinnu- og föndurefni

5. Þjónusta I

- 5.01 Fundir, námskeið, risna
- 5.02 Ferðir og uppihald
- 5.03 Akstur og flutningar
- 5.04 Bókhald og endurskoðun
- 5.05 Aðkeypt umönnunarþjón: Læknar
- 5.06 Aðkeypt umönnunarþjón: Hjúkrun
- 5.07 Aðkeypt umönnunarþjón: Sjúkraþj.
- 5.08 Aðkeypt umönnunarþjón: Önnur
- 5.09 Röntgen, aðkeypt þjónusta
- 5.10 Rannsóknir, aðkeypt þjónusta
- 5.11 Önnur sérfræðiþjónusta
- 5.12 Auglýsingar
- 5.13 Póstur og prentun

6. Þjónusta II

- 6.1 Afnotagjöld
- 6.2 Leigugjöld
- 6.3 Verkkaup I : Varðandi húsnæði
- 6.4 Verkkaup II : Bifreiðaviðg. & viðhald
- 6.5 Verkkaup III : Þvottahús og efnalaugar
- 6.6 Verkkaup III: Ræsting

7. Fjármagnskostnaður og tryggingar

- 7.1 Fjármagnstekjur
- 7.2 Fjármagnskostnaður
- 7.3 Tryggingar, opinber gjöld o.fl.

8. Eignakaup, eignfærð

- 8.1 Eignakaup og sala eigna eða
- 8.2 Afskriftir

SAMTALS KOSTNAÐUR

Yfirfært óskiptar tekjur / kostnaður _____
Yfirfærð húsnæðisdeild _____

HAGNAÐUR / TAP _____

SKÝRINGAR:

Reikningslyklar eru með hliðsjón af tegundaskiptingu BÁR (Bókhalds- og áætlanagerfi ríkisins). Um lágmarkssundurliðun er að ræða. Við færslur á reikningslykla skal fara eftir meðfylgjandi leiðbeiningarreglum.

Deildir. Um lágmarkssundurliðun er að ræða. Á beinan kostnað hjúkrunarrými/dvalarrými færast sá kostnaður sem er tengdur beint þjónustu við heimilismenn sbr. 2. gr. samnings þessa. Á húsnæðisdeild færast húsnæðiskostn. sbr. fylgiskjal 3 með samningi þessum.

Yfirfærður kostnaður. Reglur um yfirfærslu eru skv. meðfylgjandi reglum.

X - Dæmi um hvernig kostn./tekjur falla á reikningslykla/deildir (ekki tæmandi upptalning).

REIKNINGSLYKLAR\ DEILDIR	ALLS: TEKJUR/ KOSTNAÐUR	KOSTNAÐUR HJÚKRUNAR- DEILD
4. Sérgreind vörukaup		
4.1 Lyf		
4.2 Einnota lækninga- og hjúkrunarvörur		
4.3 Rannsóknastofu- og röntgenefni		
4.4 Handavinnu- og föndurefni		
5. Þjónusta I		
5.01 Fundir, námskeið, risna		
5.02 Ferðir og uppihald		
5.03 Akstur og flutningar		
5.04 Bókhald og endurskoðun		
5.05 Aðkeypt umönnunarþjón: Læknar		
5.06 Aðkeypt umönnunarþjón: Hjúkrun		
5.07 Aðkeypt umönnunarþjón: Sjúkraþj.		
5.08 Aðkeypt umönnunarþjón: Önnur		
5.09 Röntgen, aðkeypt þjónusta		
5.10 Rannsóknir, aðkeypt þjónusta		
5.11 Önnur sérfræðiþjónusta		
5.12 Auglýsingar		
5.13 Póstur og prentun		
6. Þjónusta II		
6.1 Afnotagjöld		
6.2 Leigugjöld		
6.3 Verkkaup I : Varðandi húsnæði		
6.4 Verkkaup II : Bifreiðaviðg. & viðhald		
6.5 Verkkaup III : Þvottahús og efnalaugar		
6.6 Verkkaup III: Ræsting		
7. Fjármagnskostnaður og tryggingar		
7.1 Fjármagnstekjur		
7.2 Fjármagnskostnaður		
7.3 Tryggingar, opinber gjöld o.fl.		
8. Eignakaup, eignfærð		
8.1 Eignakaup og sala eigna eða		
8.2 Afskriftir		

SAMTALS KOSTNAÐUR

Yfirfært óskiptar tekjur / kostnaður
Yfirfærð húsnæðisdeild

HAGNAÐUR / TAP

SKÝRINGAR:

Reikningslyklar eru með hliðsjón af tegundaskiptingu BÁR (Bókhalds- og áætlanagerfi ríkisins). Um lágmarkssundurliðun er að ræða. Við færslur á reikningslykla skal fara eftir meðfylgjandi leiðbeiningarreglum.

Deildir. Um lágmarkssundurliðun er að ræða. Á beinan kostnað hjúkrunarrými/dvalarrými færast sá kostnaður sem er tengdur beint þjónustu við heimilismenn sbr. 2. gr. samnings þessa. Á húsnæðisdeild færast húsnæðiskostn. sbr. fylgiskjal 3 með samningi þessum.

Yfirfærður kostnaður. Reglur um yfirfærslu eru skv. meðfylgjandi reglum.

X - Dæmi um hvernig kostn./tekjur falla á reikningslykla/deildir (ekki tæmandi upptalning).

3. TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR ÚR REKSTRI

3.1 Skipting heimilismanna í RUG - hópa

Skipting heimilismanna í RUG - hópa skv. RAI mælingu ársins.

3.2 Nýting, þyngdarstuðull og kostnaður pr. legudag

	Hjúkrunar rúm	Dvalar rými
Nýting		
Fjöldi rúma í ársbyrjun		
Fjöldi rúma í lok árs		
Meðalfj. heimilisfólks á dag		
Legudagar til ráðstöfunar		
Heildarfjöldi legudaga		_____
Nýting rúma %		=====
Hjúkrunarþyngdarstuðull		
	<input type="text"/>	<input type="text"/>
Kostnaður pr. legudag		
Umönnunarkostnaður		
Rekstur og yfirstjórn		
Húsnæðiskostnaður		_____
Rekstrarkostnaður alls		=====

4. UMÖNNUNAR- OG GÆÐAMÁL

4.1 Samanburður við gæðavísa

Yfirlit yfir stöðu verksala gagnvart gæðavísunum eins og þau eru skilgreind af RAI - nefnd og samanburður við aðrar stofnanir. Umfjöllun um gæðavandamál og gæðaátök á liðnu ári og um fyrirhugaða gæðavinna á komandi ári.

4.2 Hjúkrunarsskýrslur

Fagleg umfjöllun yfir rekstur liðins árs.

3. TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR ÚR REKSTRI

3.1 Skipting heimilismanna í RUG - hópa

Skipting heimilismanna í RUG - hópa skv. RAI mælingu ársins.

3.2 Nýting, þyngdarstuðull og kostnaður pr. legudag

	Hjúkrunar rúm	Dvalar rými
Nýting		
Fjöldi rúma í ársbyrjun		
Fjöldi rúma í lok árs		
Meðalfj. heimilisfólks á dag		
Legudagar til ráðstöfunar		
Heildarfjöldi legudaga		_____
Nýting rúma %		=====
Hjúkrunarþyngdars tuðull		
	<input type="text"/>	<input type="text"/>
Kostnaður pr. legudag		
Umönnunarkostnaður		
Rekstur og yfirstjórn		
Húsnæðiskostnaður		_____
Rekstrarkostnaður alls		=====

4. UMÖNNUNAR- OG GÆÐAMÁL

4.1 Samanburður við gæðavísa

Yfirlit yfir stöðu verksala gagnvart gæðavísu eins og þau eru skilgreind af RAI - nefnd og samanburður við aðrar stofnanir. Umfjöllun um gæðavandamál og gæðaátök á liðnu ári og um fyrirhugaða gæðavinnu á komandi ári.

4.2 Hjúkrunarsskýrslur

Fagleg umfjöllun yfir rekstur liðins árs.

Alþingi
Erindi nr. P 123/330
komudagur 27.11.98

Íslands	Land	Stofun	Stofun	Land	Stofun	Land	Stofun	Land	Stofun	Land	Stofun	Land	Stofun	Land	Stofun	Land	Stofun
6906881589	ABC-hjálparstarf	Sólrúni 3	105	Reykjavík		85328	Líknafélag og annað hjálparstarf félagssamtaka	J									
5612973209	Áshildarsjóður	Stíphiðlu 50c	105	Reykjavík		85331	Minnningar- og styrktarsjóðir	J									
4712902119	Ásmæglín, sjálfseignarstofnun		200	Kópavogur	10011	130	85328	Líknafélag og annað hjálparstarf félagssamtaka	J								
6403944049	Barnadeildarsjóður Vífisskóla	Rauðarárstíg 31	105	Reykjavík		85331	Minnningar- og styrktarsjóðir	J									
6110800189	Barnaheimili/barnahej Sjóndags	Laugarásí Hrafnistu	104	Reykjavík		85322	Læskólar og önnur dagvistun barna	J									
5404982378	Barnavæmdarsjóður	Sölvhólsgötu 4	150	Reykjavík		85331	Minnningar- og styrktarsjóðir	J									
6810882968	Bóka-/mínjasafn Nónnu Guðmundsd	Berufóti 3	785	Djúpivogur		92511	Akmenningsbókasöfn	J									
6403944209	Bókasjóður Viðihildar	Rauðarárstíg 31	105	Reykjavík		85331	Minnningar- og styrktarsjóðir	J									
4610871759	Bókaútgáfa Orators	Suðurgötu Lögbergi	101	Reykjavík	928	121	22112	Bókaútgáfa án starfræskhu eigin prentamíðju	J								
4810922899	Byggingasjóður nýja barnaspít.	Barónsstíg Landspít	101	Reykjavík		65221	Fjárfestingarlánasjóðir	J									
6904861139	Domus Medica, húsfélag	Egilsögðu 3	101	Reykjavík		70321	Starfsemi húsfélaga íbúðareigenda	J									
6611922249	Dvalarheimili aldraðra heymarl	Vesturhlíð	105	Reykjavík		85313	Dvalarheimili fyrir aldraða	J	X								
6401770209	Dýraspítalinn, sjálfseignarsL	Fjölnisveg 18	101	Reykjavík		70202	Lelga atvinnuhöfnæðis	J									
4801694179	Eignarhaldsfélag Brunabótafélagi	Hlíðasmára 8	200	Kópavogur		74150	Rekstur eignarhaldsfélaga	J									
7108902269	Elr, hjúkrunarheimili	Gagnveg	112	Reykjavík	12086	132	85114	Hjúkrunarvístun	J	X							
4508850709	Endurhæfingarsjóð Geðvæðerfélag	Hátún 10	105	Reykjavík		85113	Endurhæfing	J									
4601891529	Endurhæfingarsjóð hjarta/lungu	Hátún 14	105	Reykjavík		85113	Endurhæfing	J									
5401912129	Endurhæfingarsjóð hjarta/lungu	Hemarastíg 22	600	Akureyri		85113	Endurhæfing	J									
5811862079	Fauna, stofnun áhugamanna	Hvaleyrarbraut	220	Hafnarfjörður		91120	Starfsemi íagfélaga	J									
5705840309	Fellaskjól, dvalarheimili		350	Grundarfjörður		85313	Dvalarheimili fyrir aldraða	J	X								
6712963119	Fjóluhvammur, sjálfseignarstofn	Hvamm 2	541	Blönduós		85311	Heimili fyrir börn og unglínga	J									
5206922079	Flugmínjasafn Egils Ólafssonar	Hnjóti 1	451	Patreksfjörður	350	121	92520	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	J								
6112932089	Framfararsjóður Sildar og Fisks	Dalshraun 9b	220	Hafnarfjörður		85331	Minnningar- og styrktarsjóðir	J									
5402952989	Framkvæmdarsjóður Háskólan á Ak	Sólborg	600	Akureyri	224	602	80300	Fræðslustarfsemi á æðra námselgi	J								
6101942149	Gerðumhning, sjóður	Boðagrandi 7	107	Reykjavík		85331	Minnningar- og styrktarsjóðir	J									
6403943239	Gjafasjóður G. Aubertin	Rauðarárstíg 31	105	Reykjavík		85331	Minnningar- og styrktarsjóðir	J									
6403943669	Gjafasjóður Guðna Brynjólfs	Rauðarárstíg 31	105	Reykjavík		85331	Minnningar- og styrktarsjóðir	J									
6403943749	Gjafasjóður Lenu Brandson	Rauðarárstíg 31	105	Reykjavík		85331	Minnningar- og styrktarsjóðir	J									
6403943909	Gjafasjóður Sigríðar Ásgelrsd	Rauðarárstíg 31	105	Reykjavík		85331	Minnningar- og styrktarsjóðir	J									
6403943829	Gjafasjóður Sigurðar Erlendss	Rauðarárstíg 31	105	Reykjavík		85331	Minnningar- og styrktarsjóðir	J									
5801820259	Gjafasjóður Sjúgumálta Einarss	Austurströnd 2	170	Selljarnanes	20	172	85331	Minnningar- og styrktarsjóðir	J								

4209902000	Hjálparstöfva (Hjálparstöfva)	Laugatorgi Sigurðar	150	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
6403944129	Gjöf Þórðar Sigmundssonar	Rauðarárstíg 31	105	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
5801691209	Grund, eil- og hjúkrunarheimili	Hringbraut 50	107	Reykjavík	896	121	85313	Dvalarheimili fyrir aldrafóla	J
8001691309	Háskólabíó	Hagatorgi	107	Reykjavík			92130	Rekstur kvikmyndahúsa	J
4301911019	Heimspækistofa dr. Helga Pjeturs	Veghúsastíg 7	101	Reykjavík			22112	Bókavélgáfa án starfrækslu eigin prentsmíðju	J
8409983959	Hjálparsjóður Ármólaflóskyld	Faxatorgi	550	Sauðárkrúkur			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
6701710189	Hjálparsjóður æskufólka		101	Reykjavík	1609	121	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
4506700499	Hjálparstofnun kirkjunnar	Laugavegi 31	150	Reykjavík			85328	Liknarfélag og annað hjálparstarf félagsamtaka	J
5701902889	Húsnæðisfélag S.E.M.	Skóttuvegi 3	103	Reykjavík			70329	Annar fasteignarekstur	J
4203698979	Hússjóður Öryrkjabandalagsins	Hátúni 10	105	Reykjavík			70329	Annar fasteignarekstur	J
5502943119	Íslensk myndsfm	Borgartúni 1	105	Reykjavík			91330	Önnur ótalín félagsstarfsemi	J
4910600279	Íslenska óperan	Ingólfstræti	101	Reykjavík	1418	121	92310	Starfsemi listamanna	J
6705800169	Íslensk-danskur orðabókasjóður	Suðurgötu Háskóla Ísli	101	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
5011700469	Kirkjubýggingasj Reykjavborgar	Ráðhúsinu	101	Reykjavík			85221	Fjárfestingariðnasjóðir	J
5303972549	Kirkjubæjarstofa	Klausturvegi 2	880	Kirkjubæjarklaustur			92320	Rekstur húsnæðis og aðstöðu fyrir menningarstarfsemi	J
5503830129	Kirkjuhúsið-Skólholtsvegáfan	Laugavegi 31	101	Reykjavík	274	121	52499	Önnur ótalín smásala í sérverslunum	J
4411850659	Kirkjunnstöð Austurlands	Eiðum	705	Eiðar	77	700	91311	Þjóðkirkjan	J
5702942539	Kirkjunniðstöðin v/Vestmannastræt	Rauðaskriðu 1	641	Húsavík			91311	Þjóðkirkjan	J
6403944559	Konungu-ídróttningarsj Landspít	Rauðarárstíg 31	105	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
4501832249	Krossgötur, sjálfseignarstofnun	Hilðasmára 5-7	200	Kópavogur			85328	Liknarfélag og annað hjálparstarf félagsamtaka	J
4209982099	Kvikmyndahátíð í Reykjavík	Túngötu 14	101	Reykjavík			92310	Starfsemi listamanna	J
7101691609	Landgræðslusjóður	Suðurnhlöð 38	105	Reykjavík	61	202	85239	Önnur ótalín fjármálastarfsemi	J
6403944479	Landspítalassjóður	Rauðarárstíg 31	105	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
5011882989	Legafélag Jóhns Sigurðssonar	Hafnarstræti 107	600	Akureyri	117	802	70329	Annar fasteignarekstur	J
6212843189	Leiklistarsj Þorst Ó Stephensen	Efstaletti 1	150	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
4210984099	Listaháskóli Íslands		101	Reykjavík	707	121	80300	Fræðstjufstarfsemi á æðra námsstigi	J
5105700819	Listasafn Alþjóðsamb Íslands	Freyjugötu 41	101	Reykjavík			92520	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	J
4808850809	Listasafn Sigurðs Ólafssonar	Laugamestanga 70	105	Reykjavík			92520	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	J
4806730509	Lífeyrisjóður starfsm Gutenb	Síðumúla 18-18	108	Reykjavík			86021	Samfelgnarsjóðir	J
6104872099	Liknarsjóður Jónu Vilhjóns J	Mlóstræti 18	740	Neskaupstaður			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
5504882089	Mannréttindastofnun Háskóla Ísli	Suðurgötu	101	Reykjavík			73200	Rannsóknir og þróunarstarf í félags- og hugvísindum	J
4310872659	Markarholt, sjálfseignarstofnun	Melgerði 10	108	Reykjavík			85328	Liknarfélag og annað hjálparstarf félagsamtaka	J

Íslands	Stofa	Stofunúmer	Land	Stofuhúsnúmer	Stofuformali	Stofuformali	Stofuformali	Stofuformali
0106942689	Media upplýsingaþjónusta á Ísl	Túngötu 14	101	Reykjavík	74149	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	J	
5006922009	Menningar/framfarasj Dalasýslu	Miðbraut 15	370	Búðardalur	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
4304811269	Menningar/framfarasj Ludv Storr	Suðurgötu Háskóla Ísl	101	Reykjavík	70202	Leiga atvinnuhúsnæðis	J	
5912901269	Menningar/llknarsj Kumberavoga	Kumberavogi	825	Stokkeeyri	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
4602896609	Menningar/minningarsj kvemma	Túngötu Hallveigarst	101	Reykjavík	22130	Tímaritaútgáfa	J	
6001953019	Meningarsjóður blaðamanna	Stöðumúla 23	108	Reykjavík	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
6310952089	Meningarsjóður lónkólana í Rv	Skólavörðuhóli lónak	101	Reykjavík	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
4202882519	Meningarsjóður Íslandsbanka	Kirkjusandi 2	155	Reykjavík	65120	Rekatur banka og sparissjóða	J	
4307912309	Meningarsjóður Svarfóðla	Ráðhúsi	620	Dalvík	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
4612932399	Meningarsjóður Önnu og Alfréða	Hafnarstræti 3	425	Flateyri	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
5602882349	Móstöð slmenntunar á Suðurnesj	Sunnubraut 36	230	Keflavík	80429	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	J	
7004850139	Mínjaveind, sjálfseignarstofnun	Arnmannsstíg 1	101	Reykjavík	1358 121 92520	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	J	
5012760579	Minningarjafasjóður Landspítala	Hammahlíð 33	105	Reykjavík	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
4605972859	Minningar/Vísindasj Amórs Bj	Ljósheimum 7	104	Reykjavík	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
6907812189	Minningarsj Ágústur/Dan Jónatans	Hnjúkabyggð 33	540	Blönduós	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
8702911469	Minningarsj Ára Sig/Sigurbj Pál	Blönduhlíð 7	105	Reykjavík	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
6906952359	Minningarsj Ársæls Jóns kafara	Grandagaröl Slysavhúsa	101	Reykjavík	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
5401972969	Minningarsj B.J. Móðurmálssejð	Suðurgötu Háskóla Ísl	101	Reykjavík	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
5801932189	Minningarsj Bakk/Margr Dungal	Hallarmúla 4	108	Reykjavík	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
5011760529	Minningarsj Barb/Magnús Á Árnas	Kársnesbraut 88	200	Kópavogur	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
6403943079	Minningarsj Björns Vilhjálms	Rauðartréti 31	105	Reykjavík	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
6112923099	Minningarsj dr. Guðjóns Samóelsa	Hafnarstræti 9	101	Reykjavík	1625 121 85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
5009790119	Minningarsj dr. Víktors Urbanó	Goðheimum 8	104	Reykjavík	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
7001912069	Minningarsj Eiríks Guðjóns Ást	Austurvegi 4	660	Hvolsvöllur	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
4205942089	Minningarsj Elinar R Bríem Jóns	Barmahlíð 16	105	Reykjavík	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
6607911089	Minningarsj Elinborgar Sigurðar	Fákafeni 11	108	Reykjavík	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
4408932969	Minningarsj Heiðar Baldurð	Stakrahlið	105	Reykjavík	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
5703972819	Minningarsj Heimahlýningar Ak	Austurbyggð 12	600	Akureyri	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
4505831039	Minningarsj Helgu J/Siguríða K	Hjarðarhaga 2 Háskóla	107	Reykjavík	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
4711861479	Minningarsj Helgu J/Siguríða K		101	Reykjavík	931 121 85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	
6207894729	Minningarsj Helgu M. Páledóttur		108	Reykjavík	8144 128 85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J	

4203942109	Minningarsj. heilgu Sig skúlastj.	Garmafnið 16	100	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
4809810229	Minningarsj. hj. Hald/Matthildar		870	Vík í Mýrdal			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
5508790429	Minningarsj. hj. Ól. S/Ingibj. Run	Melshúsum	225	Bessastaðahreppur			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
5604911319	Minningarsj. J.P. Jacquot	Lindarflöt 35	210	Garðabær			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
5605922319	Minningarsj. Jakobs Jakobsenar	Dalsbraut K.A-helmlí	600	Akureyri			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
6809902129	Minningarsj. Jónasar Sigurbjörns	Rímssíðu 12	603	Akureyri			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
6503972319	Minningarsj. Jóns Gunnl/Guðl. G	Stílholti 18-18	300	Akranes			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
5105830949	Minningarsj. Jóns Júl. Þorst. kenn.	Hjallalandi 22	108	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
6403944399	Minningarsj. Kríst/Hjalta J/Gróu	Rauðarárstíg 31	105	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
6211942409	Minningarsj. Lárusar Ottesen	Brúnalandi 36	108	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
6403944719	Minningarsj. Magn Benj/Sigríð S	Rauðarárstíg 31	105	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
4510932829	Minningarsj. Mariu K. Stephensen	Sólhvólsgötu 7	150	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
5410800159	Minningarsj. Ólafu Jóhannsd.	Hátúni 4	105	Reykjavík			70329	Annar fasteignarekstur	J
5812811089	Minningarsj. Pálma Jónssonar	Krftngunní 8-12	103	Reykjavík	31 60	123	85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
6810982919	Minningarsj. S. Óskara Sigvaldab.	Gullsmára 9	200	Kópavogur			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
6403944839	Minningarsj. Sigr. L. P/Steinunnar	Rauðarárstíg 31	105	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
4703952069	Minningarsj. Sigurlaugar Gunnars	Sauðárhæðum	550	Sauðárkrúkur			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
7012904519	Minningarsj. Stefaníu Guðmundsd.	Hávallagötu 1	101	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
5405850599	Minningarsj. Sveinbjörns Sveinbj.	Víkurbakka 2	109	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
5702810899	Minningarsj. Theódóra Johnson	Suðurgötu Háskóla Ísl.	101	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
5010881969	Minningarsj. um Brand Jónsson	Vesturhlíð 3	105	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
6905922079	Minningarsj. um dr. Jón Gíslason	Ofanleiti 1	103	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
6403945019	Minningarsj. Þorvaldínu S. Jónsd.	Rauðarárstíg 31	105	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
6409983779	Minningarsj. Þórunnu og Halldóra	Faxatorgi	550	Sauðárkrúkur			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
4903983179	Minningarsjóður Biskupstungna	Drumboddsstöðum	801	Selbess			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
5910982339	Minningarsj. Guðrúnar K. Þorbjörnsd.	Sóleyjargötu 1	150	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
6504790179	Námsjóður Lis Ingvarsd. Thorsen	Síðumúla 34	108	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
6801943049	Námsjóður Sigríðar Jónsdóttur	Hátúni 10	105	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
5212861489	Nemendagarðar búvísindadæddar	Hvanneyri	311	Borgarnes			70329	Annar fasteignarekstur	J
4805911479	Nemendagarðar Hólaekóta	Hólum í Hjalteadal	551	Sauðárkrúkur			70329	Annar fasteignarekstur	J
5506922449	Norður-Atlantshafslaxsjóðurinn	Skipholti 35	105	Reykjavík			65239	Önnur ótaln fjármálastarfsemi	J
5510791559	Nýlitasafnið	Vatnsslí 3b	101	Reykjavík	1781	121	92520	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	J

ÍSKRANINGAR NÚMÉR	SKRANINGAR NÁM	SKRANINGAR STOFNA NÁM	SKRANINGAR STOFNA NÚMÉR	SKRANINGAR STOFNA NÁM	SKRANINGAR STOFNA NÚMÉR	SKRANINGAR STOFNA NÁM	SKRANINGAR STOFNA NÚMÉR	SKRANINGAR STOFNA NÁM	SKRANINGAR STOFNA NÚMÉR	SKRANINGAR STOFNA NÁM
4601760269	Póstmannasjóður	Árnúla 25	108	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir		J
4705972089	Rannsóknar/þróunarj vinnuvernd	Ljósheljum 7	104	Reykjavík			73100	Rannsóknir og þróunarstarf í raun- og tæknivísindum		J
6207983049	Rannsóknarsjóður í sláðigítaraj	Höfðabraut 6	530	Hvammstangi			73100	Rannsóknir og þróunarstarf í raun- og tæknivísindum		J
7105902069	Réttarhof, sjálfseignarstofnun	Melgerði 10	108	Reykjavík			85328	Litkarfélag og annað hjálparelarf félagesamtaka		J
5205972129	Ræktunarsjóður Kinnarfelks	Kópavogsbraut 103a	200	Kópavogur			85331	Minningar- og styrktarsjóðir		J
4510932239	Samstarfsjóður	Laufásvegj 21	101	Reykjavík	40	121	85331	Minningar- og styrktarsjóðir		J
5502690239	Samvinnuháskólinn	Blítróst	311	Borganes			80300	Fræðskustarfsemi á eðra námsskgl		J
5505972849	Schola Cantorum, kammerkór	Hallgrímskríktu	101	Reykjavík	651	121	82310	Starfsemi listamanna		J
5602690729	Sigfúsarsjóður	Laugavegj 3	101	Reykjavík			70329	Annar fasteignarekstur		J
6903891699	Sinfóníuhljómsveit Norðurlands	Hafnarstræfi 81	800	Akureyri	29	602	92310	Starfsemi listamanna		J
6312840389	Sinfóníuhljómsveit æskunnar	Keldukinn 2	220	Hafnarfjörður			92310	Starfsemi listamanna		J
4807982019	Sjálfseignarstofnun Tryggvaskáli	Tryggvatorgi 1	800	Selfoss			70329	Annar fasteignarekstur		J
4301922139	Sjóður Odds Ólafssonar	Hátúni 10	105	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir		J
8511882539	Sjóður til minn Magnús Magnóss	Æglagötu 3	825	Ólafsfjörður			85331	Minningar- og styrktarsjóðir		J
4208790409	Sjóður til rannsóknar dulsálarf	Sléttuvegi 17	103	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir		J
6507840499	Sjóður Vilkngaldstunnar	Kjartanögötu 5	105	Reykjavík			65239	Önnur ótalin fjármálastarfsemi		J
4412802179	Sjóður Þorvalds Thoróðssonar próf	Suðurgötu Jarðfirnhól	101	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir		J
5402952559	Sjóminja/sinójumljæafn J. Hinn	Súðarvegj 4	104	Reykjavík			92520	Starfsemi annarra æfna og varðveisla sögulegra staða og bygginga		J
6507972649	Skaftfell, sjálfseignarstofnun	Austurvegj 42	710	Seyðisfjörður			92320	Ræktur húsnæðis og aðstöðu fyrir menningarstarfsemi		J
6506900149	Skaftholt, sjálfseignarstofnun	Skaftihóli 1	801	Selfoss			85314	Helmiil fyrir fallaða		J
5506952789	Skátaheimili Landnema	Snorrabraut 60	105	Reykjavík			91330	Önnur ótalin félagastarfsemi		J
4408850589	Skjól, hjúkrunarheimili	Klappsvegj 84	104	Reykjavík	4360	124	85114	Hjúkrunarvistun	X	J
5601983378	Skjólbeltagjóður Krístjáns Jóns	Syðra-Laugalandi	601	Akureyri			85331	Minningar- og styrktarsjóðir		J
5206982489	Skógar, sjálfseignarstofnun	Skógum	881	Hvolsvöllur			80210	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám		J
5305962739	Skógarbaer, hjúkrunarheimili	Árskógum 4	109	Reykjavík			85114	Hjúkrunarvistun	X	J
6310952249	Skólaskjóður íönskólans í Rvík	Skólavörðuhófi lönsk	101	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir		J
6102894519	Sóheimar í Grímsnesi	Sóheimnum	801	Selfoss			85314	Helmiil fyrir fallaða		J
5911872529	Sólvelli, heimili aldraðra	Eyrargötu 26	820	Eyrbakkí			85313	Dvalarheimili fyrir aldraða	X	J
6701692789	St. Jósefsspítali í Hafnarfirði	Suðurgötu 41	220	Hafnarfjörður	00227	222	85111	Deildskipt sjúkrahús		J
5912973849	Styrktarfélag íönskólans í Rvík	Eyrarvegj 26	350	Grundarfjörður			85331	Minningar- og styrktarsjóðir		J
5510911129	Styrktarfélag íönskólans í Rvík	Ingólfsstræfi	101	Reykjavík	1418	121	91330	Önnur ótalin félagastarfsemi		J

4703052149	Styrtarsjóður Guðr Þ Sveinsd	Sauðárhæðum	550	Sauðárkrúkur			85331	Minningar- og styrtarsjóðir	J
5305922439	Styrtarsjóður heilbrú V-Barð	Stekkur 1	450	Patrekjaljóður			85331	Minningar- og styrtarsjóðir	J
6301740749	Styrtarsjóður Knaðarmanna	Halfréigarstíg 1	101	Reykjavík			85331	Minningar- og styrtarsjóðir	J
6506850509	Styrtarsjóður Listas Sigurj Ól	Laugamestanga 70	105	Reykjavík			85331	Minningar- og styrtarsjóðir	J
5910932319	Styrtarsjóður S.G./Ástu Eiríka	Háaleitisbraut 111	108	Reykjavík			85331	Minningar- og styrtarsjóðir	J
6403943319	Styrtarsjóður sjúki Hress Kóp	Rauðarárstíg 31	105	Reykjavík			85331	Minningar- og styrtarsjóðir	J
6205881299	Styrtarsjóður Sólhelma	Sólhelnum	801	Selfosa			85331	Minningar- og styrtarsjóðir	J
4102820389	Styrtarsjóður Try ÓlGuör Magn	Lágmúla 7	108	Reykjavík	6975	128	85331	Minningar- og styrtarsjóðir	J
4712885519	Styrtarsjóður Póranis Sigurðs	Kópavbr Kópavogahæli	200	Kópavogur			85331	Minningar- og styrtarsjóðir	J
6504972809	Styrtarsjóður Önnu K. Nordal	Lauðbrekku 23	200	Kópavogur			85331	Minningar- og styrtarsjóðir	J
6302892619	Sumarheimili templara	Helðarsali 9	109	Reykjavík			92320	Rekstur húsnæðis og aðstöðu fyrir menningarstarfsemi	J
5511790369	Sunnuhlið, hjúkrunarheimili	Kópavogsbraut 1	200	Kópavogur			85114	Hjúkrunarvistun	X J
6012840309	Sunnusjóður	Safamyri 5	108	Reykjavík			85331	Minningar- og styrtarsjóðir	J
5205922109	Söngmenntasjóður Marínós Péturs	Ingólfsstræti	101	Reykjavík			85331	Minningar- og styrtarsjóðir	J
5704740739	Söngskólinn I Reykjavík	Hverfisgötu 45	101	Reykjavík	1688	121	80422	Tónlistarskólar	J
6502697059	Templarahóli Reykjavíkur IOGT	Stangarhyl 4	110	Reykjavík			92320	Rekstur húsnæðis og aðstöðu fyrir menningarstarfsemi	J
6502895889	Tjaldanesheimilið Mosfellsbæ	Digraneavegi 5	200	Kópavogur			85314	Heimili fyrir fatlaða	J
4110840199	Tónlistarskóli Vesturbæjar	Fréyjúgötu 27	101	Reykjavík			80422	Tónlistarskólar	J
4903881889	Tónskáldasjóður Ríkisútvarpsins	Efstaleiti 1	150	Reykjavík			85331	Minningar- og styrtarsjóðir	J
6602690619	Tónskóli Sigursv D. Kristínas	Engjateigi 1	105	Reykjavík			80422	Tónlistarskólar	J
8012861859	Tækjakaupaafísreij tyfid Landsp	Barónsstíg Landspít	101	Reykjavík			85331	Minningar- og styrtarsjóðir	J
8002840379	Tækjasjóður Landspítalans	Austurstræti 5	101	Reykjavík			85331	Minningar- og styrtarsjóðir	J
6411760449	Ungt fólk með hlutverk	Aðalstræti 4	101	Reykjavík	5244	125	91319	Önnur trúfélög	J
8006830209	Utanverðunesslegat	Hróarsdal	551	Sauðárkrúkur			70329	Annar fasteignarekstur	J
5601901749	Veftubær, samtök	Skíphöfði 33	105	Reykjavík			91330	Önnur ótalin félagastarfaemi	J
4901872199	Verðlauna-/styrtarsj Páls Halld	Hátelgsv Sjómannask	105	Reykjavík			85331	Minningar- og styrtarsjóðir	J
4901871899	Verðlaunasjóður Guðm B. Krístj	Hátelgsv Sjómannask	105	Reykjavík			85331	Minningar- og styrtarsjóðir	J
6802780329	Verðlaunasjóður Þórnadóttina		101	Reykjavík			70329	Annar fasteignarekstur	J
6902801399	Verzlunarskóli Íslands	Ofanleiti 1	103	Reykjavík			80220	Fræðslustarfaemi á framhaldsskólastigi - lön- og verknaðir	J
5208982649	Vinasjóður Hallsugræsustöðv Ak	Hafnarstræti 99	600	Akureyri	460	602	85331	Minningar- og styrtarsjóðir	J
6503760569	Vistheimili Bláa bandans	Víðnesi	270	Mosfellsbær			85314	Heimili fyrir fatlaða	J

4712892649	Vísindafélagið íslenskufræðingja	Þarónssífg Landspít	101	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
4910780149	Vísindasjóður Borgarspítalans	Fossvogi	108	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
6307972689	Vísindasjóður Krabbami Landspít	Landspítala	101	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
5802962229	Vísindasjóður læknaráðs FSA	Eyrarlandsvegi	600	Akureyri			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
6110861489	Vísindasjóður sérfr hálsn Bsp	Blikanesl 15	210	Garðabær			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
4306942199	Waldorfeleikskólinn Sólstafr	Grundarstfg 19	101	Reykjavík			85322	Lekkeólur og önnur dagvættun barna	J
6607780399	Þjónustumiðstöð bókaafna	Laugavegi 163	105	Reykjavík	5331	125	92511	Almanningsbókasöfn	J
4510983229	Þjónustumiðstöð rannsóknarverk	Nóatúni 17	105	Reykjavík			73100	Rannsóknir og þróunarstarf í raun- og tæknivísindum	J
6403943159	Þorbjörg, berkaáveikrasjóður	Rauðarástfg 31	105	Reykjavík			85331	Minningar- og styrktarsjóðir	J
4907861209	Ævinleg erlingjarenta S. Melsteð	Rauðabæk 47	105	Reykjavík			98000	Ótillgreind starfsemi	J
4203896118	Óver, samaróvalarheimið	Höftavægi 28	104	Reykjavík	406D	124	85324	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	J

Lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá

1988, nr. 19, 5. maí

1. gr.

Lög þessi taka til sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af dómsmálaráðherra samkvæmt lögum þessum eða samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af forseta Íslands eða konungi fyrir gildistöku laga þessara, sbr. þó 2. mgr.

Undanskildir lögum þessum eru þó þeir sjóðir og stofnanir sem stofnað er til með lögum, ákvörðunum Alþingis eða milliríkjasamningum enda þótt skipulagsskrá þeirra sé staðfest.

2. gr.

Stofnfé sjóðs eða stofnunar skal vera 300.000 kr. hið minnsta miðað við lánskjaravísitölu þá sem í gildi er við gildistöku laganna og breytist síðan árlega í samræmi við þá vísitölu í janúarmánuði. Skal dómsmálaráðherra auglýsa árlega lágmarksupphæð. Heimilt skal þó ef sérstakar ástæður þykja mæla með að stofnfé nemi lægri upphæð.

Í skipulagsskrá skal greina stofnfé og hvaðan það er runnið, svo og hvert skuli vera markmið sjóðs eða stofnunar og hvernig fé skuli varið til að ná þeim markmiðum. Þá skal greina skýrt hvernig stjórn sjóðs eða stofnunar skal skipuð og hver bera skuli ábyrgð á fjárvörslu.

Dómsmálaráðherra skal halda skrá um alla sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og nefnist hún sjóðaskrá.

Staðfestar skipulagsskrár og breytingar á þeim skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Sá sem ábyrgð ber á sjóði eða stofnun skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins eða stofnunarinnar fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðs eða stofnunar hefur verið ráðstafað á því ári.

Stjórn sjóðs eða stofnunar skal jafnframt tilkynna sjóðaskrá hverjir skipi stjórn hverju sinni.

Ríkisendurskoðun skal halda skrá yfir heildartekjur og gjöld svo og eignir og skuldir allra skráðra sjóða og stofnana, svo og athugasemdir sínar við framlagða reikninga. Skal færa nýjar upplýsingar í skrána eftir því sem þær berast. Aðgangur að upplýsingum í skránni er öllum fjáls og skal láta í té afrit af henni til þeirra sem eftir því leita.

4. gr.

Hafi skýrsla og reikningur sjóðs eða stofnunar eigi borist í eitt ár eða reikningskil reynast ófullkomin getur dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum Ríkisendurskoðunar, falið lögreglustjóra að rannsaka fjárreiður sjóðsins eða stofnunarinnar og taka í sína vörslu skjöl og eignir. Skal lögreglustjóri háfa fjárvörsluna á hendi þar til dómsmálaráðherra hefur skipað málum á annan veg.

Kostnað, sem leiðir af rannsókn á fjárreiðum og vörslu sjóðs, má leggja á viðkomandi sjóð eða stofnun eftir mati dómsmálaráðherra og í samráði við Ríkisendurskoðun.

5. gr.

Eigi má selja eða veðsetja fasteignir sem eru eign sjóðs eða stofnunar, nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra. Áður en tekin er afstaða til umsóknar um veðsetningu eða sölu slíkrar fasteignar skal leitað umsagnar Ríkisendurskoðunar.

6. gr.

Nú hafa þjóðfélagshættir og aðstæður breyst svo mjög frá því að skipulagsskrá sjóðs eða stofnunar var staðfest að markmiðum þeim, sem skipulagsskrá gerir ráð fyrir, verður eigi náð eða stjórn verður ekki skipuð samkvæmt ákvæðum hennar og er dómsmálaráðherra þá heimilt að breyta skipulagsskrá. Við slíka breytingu skal þess gætt að fara eftir óskum stofnenda svo sem unnt er. Ef unnt er skal fá samþykki stjórnar sjóðs eða stofnunar til breytinganna.

Eftir sömu reglum og greinir í 1. mgr. er dómsmálaráðherra heimilt að sameina tvo eða fleiri sjóði eða stofnanir í einn sjóð eða stofnun. Þá er dómsmálaráðherra heimilt að leggja niður staðfestan sjóð eða stofnun en eignum skal varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum.

Áður en breytt er staðfestri skipulagsskrá, sjóðir eða stofnanir sameinaðar eða lagðar niður skal ætíð leita umsagnar Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun getur einnig átt frumkvæði að því að tekin verði afstaða til aðgerða samkvæmt framansögðu.

7. gr.

Dómsmálaráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um efni og gerð skipulagsskráa og önnur atriði sem varða framkvæmd laga þessara. Má í því sambandi og í samráði við Ríkisendurskoðun setja nánari reglur um samstarf dómsmálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar eftir því sem þurfa þykir.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989. ...

Ákvæði til bráðabirgða.

...

